



Mismunandi rekstrarform leikskóla

Í hverju liggur munurinn helst að mati
stjórnenda?

Helga Björk Jóhannsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs
Uppeldis- og
menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Mismunandi rekstrarform leikskóla
Í hverju liggur munurinn helst að mati
stjórnenda?

Helga Björk Jóhannsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í stjórnunarfræði
menntastofnana

Leiðbeinandi: Friðgeir Börkur Hansen

Uppeldis- og menntunarfræðideild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2016

Mismunandi rekstrarform leikskóla: Í hverju liggur munurinn helst að mati stjórnenda?

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs við uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2016 Helga Björk Jóhannsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent.

Reykjavík, 2016

Formáli

Ritgerð þessi er unnin sem meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með áherslu á stjórnun menntastofnana. Ritgerðin er 30 ECTS-einingar. Ritgerðin er eigindleg rannsókn á því í hverju munurinn liggur helst á einkareknum og almennum leikskólum. Verkefnið var unnið veturinn, sumarið og haustið 2014-2015. Gagnaöflun fór fram í mars 2015.

Leiðbeinandi minn við gerð ritgerðarinnar var dr. Friðgeir Börkur Hansen, prófessor í stjórnsýslufræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ég vil færa honum kærar þakkir fyrir hvatningu, aðstoð og þolinmæði í gegnum allt verkefnið.

Sérfræðingur var Berglind Rós Magnúsdóttir lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og þakka ég henni einnig fyrir góðar ábendingar.

Rannsóknin er byggð á viðtölum við sex leikskólastjóra á Stór-Reykjavíkursvæðinu og vil ég þakka þeim kærlega fyrir að taka þátt, gefa sér tíma til að ræða og miðla af reynslu sinni um þetta áhugaverða málefni er snýr að ólíkum rekstarformum leikskóla.

Ég vil þakka Rán Höskuldsdóttur og Hönnu Kristínu Stefánsdóttur fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar. Einnig vil ég þakka dóttur minni, Söndru Rún Jóhannesdóttur, fyrir aðstoðina.

Jafnframt vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir veitta aðstoð, ómælda þolinmæði og hvatningu meðan á vinnu minni við verkefnið stóð, sem gerði mér kleift að ljúka því. Ég vona að með námi mínu og skrifum verði ég unglingunum mínum góð fyrirmynd og hvatning í námi þeirra og störfum í framtíðinni.

Ágrip

Markmið þessarar rannsóknar var að reyna að varpa ljósi á í hverju munurinn liggur helst á einkareknum leikskólum og almennum leikskólum hvað varðar rekstur, námskrá og samskipti við foreldra að mati stjórnenda.

Rannsóknin var eigindleg og þátttakendur voru sex leikskólastjórar sem starfa í leikskólum á Stór Reykjavíkursvæðinu. Þrír þeirra eru stjórnendur í almennum leikskólum sem sveitarfélögin reka og þrír eru stjórnendur í einkareknum leikskólum sem hafa einnig reynslu af stjórnun í almennum leikskólum. Gagna var aflað með viðtölum við þessa aðila. Gagnaöflun fór fram í mars 2015.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að aðkoma sveitarfélaga að rekstri bæði einkarekinna og almennra leikskóla hafi mikið að segja fyrir rekstrargrundvöll þeirra. Stjórnendur í einkareknu leikskólunum hafa meira svigrúm, frelsi og sjálfstæði til að taka ákvarðanir um ýmis mál tengd starfsemi leikskólanna og eru ekki bundnir með sama hætti í kerfi stjórnsýslunnar og almennu skólarnir. Stjórnendur í almennu leikskólunum kalla eftir meira frelsi og sjálfstæði til ákvarðana. Stjórnendur í einkareknu leikskólunum hafa meira svigrúm til að borga starfsfólki hærra laun og bjóða ýmis hlunnindi umfram þau sem er að finna í almennu leikskólunum.

Tækifæri til faglegrar þróunar er til staðar í báðum skólagerðum en stjórnendur í einkareknu leikskólunum hafa meira svigrúm til að halda fleiri fundi með starfsmönnum eftir vinnu. Stjórnendur í báðum skólagerðum leita til síns baklands um ráðgjöf og stuðning í starfi og ekki er mikið um samskipti á milli skólástjórnenda ólíkra skólagerða. Allir leikskólastjórnarnir, óháð skólagerðum, leggja áherslu á góð samskipti og samstarf við foreldra. Í einkareknu leikskólunum gátu stjórnendur frekar en í almennu leikskólunum mætt þörfum foreldra með fundum eftir vinnu eða á laugar-dögum.

Abstract

Views of principals on privately vs. public run preschools

The purpose of this study was to shed a light on the main differences between two school types, i.e. privately run preschools and public preschools regarding management, curriculum and relationships with parents and staff. The research was qualitative in nature based on interviewing six preschool principals in Reykjavik and neighbor towns. Three of the participants were principals in public preschools and three in privately run preschools who also had experience of administrative work in public preschools. The interviews took place in March 2015.

The main findings show that the involvement of municipalities concerning the operational basis of both privately run and public preschools had a large impact. The principals of the privately run preschools had more flexibility, freedom and independence concerning administrative decisions and were not tied to the same bureaucratic procedures as in public preschools. The principals in the public preschools wanted more freedom and independence to make decisions. The principals of the private preschools had also more flexibility concerning extra pay for employees and to offer various types of benefits beyond those offered in public preschools.

Opportunities for professional development was present in both school types but the principals at the private preschools had more flexibility for involving staff in meetings after regular work hours. Principals in both the types asked for advice and support from their colleagues and friends. However, there is little interaction and communication between the principals in the two school types. All the principals claimed to have good relations with parents. However, by having meetings after work hours or on Saturdays, the preschool principals in the privately run preschools could meet the needs of the parents more than at the public preschools.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	7
1 Inngangur	11
1.1. Markmið rannsóknarinnar	13
1.2. Rannsóknarspurning	13
1.3. Uppbygging ritgerðar	13
2. Fræðilegt samhengi.....	15
2.1. Leikskólinn.....	15
2.2. Mismunandi rekstrarform.....	17
2.3. Ólík sýn á skólastarf.....	21
2.4. Nýfrjálshyggja og markaðsvæðing	23
2.5. Sóknarfæri?	26
2.7. Rannsóknir á samningsskólum	28
2.8. Niðurlag.....	31
3. Aðferð.....	33
3.1. Rannsóknaraðferð og snið	33
3.2. Hlutverk rannsakanda	33
3.3. Þátttakendur	34
3.4. Gagnaöflun og gagnagreining	36
3.5. Leyfi og siðferðileg atriði.....	37
4. Niðurstöður	39
4.1. Rekstur og fjármál	39
4.2. Rekstrarform og svigrúm til athafna	41
4.3. Námskrá og fagleg þróun	44
4.4. Hlunnindi og frelsi til athafna.....	46
4.5. Samskipti og samstarf	49

4.6. Tengsl við foreldra.....	50
4.7. Niðurlag.....	52
5. Umræður.....	55
5.1. Rekstur og fjármál.....	55
5.2. Rekstrarform og svigrúm til athafna.....	56
5.3. Námskrá og fagleg þróun.....	58
5.4. Hlunnindi og frelsi til athafna.....	59
5.5. Samskipti og samstarf.....	60
5.6. Tengsl við foreldra.....	60
5.7. Niðurlag.....	61
6. Lokaorð.....	63
Heimildaskrá.....	65
Viðauki 1.....	69
Viðauki 2.....	73
Viðauki 3.....	75
Viðauki 4.....	77

1 Inngangur

Saga leikskóla á Íslandi hófst þegar Barnavinafélagið Sumargjöf hóf rekstur á fyrsta dagheimili og leikskóla á Íslandi sumarið 1924. Hann var staðsettur í Reykjavík. Sumargjöf stóð að rekstri margra leikskóla í Reykjavík, allt fram til 1978, en þá tók Reykjavíkurborg við rekstrinum. Fyrstu lög um leikskóla voru sett árið 1973 en fram af því höfðu ríkið og sveitarfélög deilt um hvort stjórnábyrgð ætti að bera ábyrgð á leikskólamálum. Með þessu nýju lögum varð skiptingin á kostnaði þannig að ríkið greiddi helming af byggingu leikskóla og þriðjung af rekstarkostnaði. Í lögnum var lögð áhersla á uppeldislutverk leikskólans í stað þess að líta á hann sem félagslegt úrræði. Árið 1976 voru sett ný lög um leikskóla. Þá tóku sveitarfélögin alfarið við rekstri leikskólanna en ríkið tók áfram þátt í stofnkostnaði. Árið 1994 var leikskólinn lögfestur sem fyrsta skólastig barnsins og í framhaldinu var farið í vinnu að gerð aðalnámskrár fyrir leikskóla (Andrés I. Jónsson og Oddný Helgadóttir, 2010).

Árið 2008 litu ný lög um leikskóla dagsins ljós. Þessi nýju lög veittu sveitarfélögum meira svigrúm og frelsi s.s. um barnafjölda, stærð, skólaskil milli leikskóla og grunnskóla og rekstur. Samkvæmt þeim skulu sveitarfélög hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl en þeim er þó ekki skylt að reka skólana (lög um leikskóla, 2008). Þannig hafa bæjarfélög víða um land starfrækt leikskóla og/eða samið við einkafyrirtæki um reksturinn.

Skömmu eftir lagasetninguna kom efnahagshrunið. Það hafði í för með sér mikla endurskoðun á rekstri og umhverfi leikskólans. Margir leikskólar voru sameinaðir og/eða samreknir með grunnskólum (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2010).

Haustið 2009 voru samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands 18.700 börn í leikskólum á landinu. Þar af voru 14% í einkareknum leikskólum. Hæst var hlutfall barna í einkareknum leikskólum á Suðurnesjum eða 33% og 16% á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2011).

Árið 2010 voru einkareknir leikskólar 39 af 277 leikskólum í landinu (Hagstofa Íslands, 2011). Sum sveitarfélög hafa farið þá leið að gera þjónustusamning við einkaaðila um faglega og rekstrarlega ábyrgð en húsnæðið er í flestum tilvikum áfram í eigu sveitarfélagsins. Í einu sveitarfélagi sér einkaaðili alfarið um faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfinu

bæði í leik- og grunnskólanum; foreldrar hafa þar ekkert val (Kristín Dýrfjörð, 2014, a).

Þessi þróun og fjölgun á einkareknum leikskólum er áhugaverð og vert að skoða hvað veldur henni. Er rekstur einkarekinna leikskóla mjög frábrugðinn rekstri almennra leikskóla sem sveitarfélögin reka? Af hverju þarf að einkareka leikskóla? Er þar boðið upp á sveigjanlegra starfs- umhverfi? Hverjir eru helstu kostir einkarekinna leikskóla að mati stjórnenda?

Í Hvítbók um úrbætur í menntamálum (Mennta- og menningar- málaráðuneytið, 2014) er rætt um slakar niðurstöður úr Pisakönnunum og leiðir til úrbóta og hafa þær tengst umræðunni um fjölbreytni í námi og rekstri skólastofnana. Í nýlegri skýrslu Viðskiptaráðs Íslands er gerð grein fyrir áskorunum í menntamálum, og ýmsum breytingum sem eru til þess fallnar að bæta núverandi kerfi. Lögð er áhersla á árangur, valfrelsi og ráðdeild. Einnig er lögð áhersla á fjölbreyttara rekstrarform sem skapar umhverfi sem ýtir undir samkeppnishugsun og nýsköpun.

Á grundvelli þessa mætti ætla að eina leiðin til að bæta námsárangur barna sé að einkavæða skólana. Samkvæmt könnun sem Viðskiptaráð Íslands gerði er meirihluti landsmanna hlynntur einkarekstri, flestir eða 62% eru hlynntir einkarekstri á leikskólastiginu þar sem mest þátttaka einkaaðila er þegar til staðar (Viðskiptaráð Íslands, 2014).

Mín upplifun af umræðunni um einkarekstur og einkavæðingu er nokkuð einsleit, þar sem hugmyndafræði markaðslögmálsins hefur verið sterk. Einkarekstur virðist svarið við því að skapa góðar námsaðstæður. Við viljum öll sjá bættan árangur nemenda og að börnum okkar vegni vel í námi og séu samkeppnisfær við sína jafnaldra t.d. á Norðurlöndum. En við megum ekki gleyma því að nám snýst ekki bara um niðurstöður prófa. Í leik- og grunnskólum á margt annað nám sér stað sem erfitt er að mæla í stöðluðum prófum. Krafa um tölur og árangur er alls ráðandi í þjóðfélaginu og hefur áhrif á starfið í leikskólanum á þann hátt að starfið á að miðast meira við skólamiðuð verkefni í stað leiksins (Bryndís Gunnarsdóttir, 2014).

Ég hef starfað bæði hjá ríki og sveitarfélagi og þekki muninn á því ólíka rekstrarformi. Núna vinn ég í sveitarfélagi þar sem annar tveggja leikskóla í sama byggðarkjarna er einkarekin. Það var gert að ósk starfsmanna sem töldu það styrkja þá betur í að starfa eftir þeirri stefnu er skólinn hafði fylgt til nokkurra ára. Hvaða áhrif það hefur í litlu samfélagi er lítið vitað um þar sem lítil reynsla er komin á þessa ráðstöfun.

1.1. Markmið rannsóknarinnar

Markmiðið með rannsókn minni er að reyna að varpa ljósi á í hverju munurinn á mismunandi rekstrarformum leikskóla liggur helst, þ.e. á einkareknum leikskólum annars vegar og leikskólum sem sveitarfélög reka hins vegar. Allir einkareknir leikskólar hér á landi eru með sérstakan þjónustusamning við sveitarfélögin sem borga ákveðið rekstrarframlag á mánuði með hverju barni. Það eru mismunandi skilgreiningar notaðar þegar fjallað er um einkarekna leikskóla og/eða þá sem eru með samning við sveitarfélögin. Þeir eru jafnan kallaðir samningsskólar og/eða sjálfstætt starfandi leikskólar. Ég mun í ritgerð þessari nota hugtakið einkareknir leikskólar/skólar yfir samningsskóla og sjálfstætt starfandi skóla.

Einkareknum leikskólum á Íslandi hefur fjölgað frá árinu 2009, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu (Hagstofa Íslands, 2011). Áhugavert er að velta fyrir sér af hverju þeim er að fjölga og hvort sveitarfélögin séu ekki samkeppnishæf? Í hverju liggur munurinn helst á þessum ólíku rekstrarformum, þ.e. hvað varðar rekstur, námskrá og samskipti við starfsfólk og foreldra? Ef munur er fyrir hendi í hverju liggur hann þá helst? Ég tel mikilvægt að reyna að varpa ljósi á þennan mun á grundvelli sýnar og reynslu skólustjóra.

1.2. Rannsóknarspurning

Í hverju liggur munurinn helst á einkareknum og almennum leikskólum hvað varðar rekstur, námskrá og samskipti við starfsfólk og foreldra að mati stjórnenda?

Til að svara þessari spurningu þá tók ég viðtöl við leikskólustjóra í sex leikskólum, þremur almenningsleikskólum og þremur einkareknum. Með spurningum um atriði í rekstri, námskrá og gagnvart starfsfólki og foreldum er það von mín að geta dregið upp mynd af því í hverju munurinn helst liggur.

Ég tók fyrst viðtöl við leikskólustjóra í einkareknum leikskólum, sem einnig höfðu reynslu af vinna í almennum leikskólum. Ég vann síðan úr þeim viðtölum og greindi þau, áður en ég tók viðtöl við leikskólustjóra í almennum leikskólum. Með því taldi ég mig hafa efnismeiri gögn til að byggja viðtölin á við þá sem störfuðu í almennu leikskólunum.

1.3. Uppbygging ritgerðar

Í fyrsta kafla kynni ég markmiðið með rannsókn minni og hvers vegna þetta efni er valið. Í öðrum kafla geri ég grein fyrir fræðilegum grunni og

rannsóknnum um efnið. Í þriðja kafla mun ég fjalla um rannsóknaraðferð, hlutverk rannsakanda, gagnaöflun og val á þátttakendum. Í fjórða kafla eru helstu niðurstöður kynntar og samantekt. Í fimmta kafla mun ég ræða um niðurstöðurnar í fræðilegu samhengi og draga ályktanir út frá þeim. Í lokaorðum mun ég ræða niðurstöður rannsóknarinnar.

2. Fræðilegt samhengi

Í þessum kafla fjalla ég um leikskólann og mismunandi rekstrarform leikskóla og skóla og ólíkasýn fræðimanna um rekstur þeirra. Þá mun ég skoða hvað felst í skólastarfi og kanna hvaða þættir hafa þar áhrif. Einnig mun ég segja frá nokkrum rannsóknum sem fjalla m.a. um ólíkar gerðir skóla og áherslur í skólastarfi.

2.1. Leikskólinn

Í lögum um leikskóla (2008) er leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastigið og skal annast að ósk foreldra, uppeldi, umönnun og menntun barna. Í leikskólanum skal velferð og hagur barna höfð að leiðarljósi í öllu starfi hans. Námið fer fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleidd íslenskrar menningar. Í 25 gr. laganna kemur fram að sveitarstjórn getur leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Um slíka leikskóla gilda sömu lög og reglur og um aðra leikskóla. Í 28 gr. kemur fram að sveitarfélögum er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur leikskóla og er heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra.

Með þessum lögum var fleiri aðilum gert mögulegt að reka leikskóla undir eftirliti sveitarfélaga og þeim gert að starfa eftir sömu lögum og aðrir leikskólar. Einnig var heimilt með sömu lögum að samreka t.d. leik-, grunn- og tónlistarskóla, og hefur það komið sér vel, t.d. í smærri sveitarfélögum vítt og breitt um landið. Í Reykjavíkurborg voru nokkrir leikskólar sameinaðir undir stjórn eins leikskólastjóra (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2010).

Samkvæmt lögum um leikskóla (2008), Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (2009), og Aðalnámskrá leikskóla (2011), þá gilda sömu lög og reglugerðir og Aðalnámskrá, hvort sem sveitarfélagið og/eða aðrir rekstrar- aðilar sjá um rekstur leikskólans. Þannig á það sama við í allri ytri sem innri umgjörð leikskólanna, hvort sem þeir eru einkareknir eða ekki.

Haustið 2009 voru 18.700 börn í leikskólum á Íslandi og þar af 14% í einkareknum leikskólum. Hlutfallið er mun hærra en í grunnskólanum. Leikskólar voru þá 282 talsins og þar af 39 einkareknir. Á höfuðborgarsvæðinu voru 16% leikskólabarna í einkareknum leikskólum. Í grannlöndunum er hlutfall einkarekinna leikskóla misjafnt. Í Noregi voru um 40%

barna í einkareknum leikskólum upp úr aldamótum, í Hollandi var hlutfallið tæp 70%, og 60% í Belgíu (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2010).

Í skýrslu mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólustarfs í leikskólum skólaárin 2008-2009, 2009-2010 og 2010-2011 kemur fram að árið 2010 voru tæplega 19.000 börn í leikskólum á Íslandi, 16.300 í leikskólum sem reknir eru af sveitarfélögum og um 2.700 í leikskólum sem reknir eru af öðrum. Frá árinu 2008 til 2010 fjölgaði börnum í leikskólum, sem ekki eru reknir af sveitarfélögum, um 300. Hlutfall barna, sem eru í leikskólum sem reknir eru af öðrum, hefur farið úr 5% af heildarfjölda árið 2000 í að vera um 14% árið 2010 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Árið 2008 voru sett ný lög um leikskóla sem gáfu fleiri aðilum en sveitarfélögum kost á að reka leikskóla og sýna þessar tölur aukningu barna á einkareknum leikskólum frá 2008 það skýrt. Einnig er áhugavert að skoða þróunina annars staðar á Norðurlöndum þ.e. í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, til að sjá hvort sama þróun eigi sér stað þar.

Árið 2013 voru 6200 leikskólar í Noregi, 57% af þeim voru einkareknir og 43% reknir af sveitarfélögum. Fjöldi einkarekinna leikskóla hefur verið svipaður síðustu fimm árin, engin hlutfallsleg aukning. Stöðugt fleiri börn eru þar í stórum leikskólum og eru 16% barna í leikskólum með 100 börnum eða fleiri. Af minnstu leikskólunum þ.e. sem eru með 25 börn eða færri, eru 70% einkareknir og útskýrir það hátt hlutfall einkarekinna leikskóla á landsvísu. Fáir einkaaðilar eiga marga leikskóla (Utdanningsdirektoratet, 2014).

Í Noregi eru lögfestar reglur um rétt á leikskólaplássi sem mæla svo fyrir að barn, sem er eins árs fyrir 1. September, á rétt á leikskólaplássi á því ári ef foreldrar hafa sótt um pláss fyrir tilskyldan tíma. Haustið 2013 höfðu flestir foreldrar eins árs barna fengið úthlutað leikskólaplássi fyrir barn sitt um miðjan ágúst. Börn, sem ekki fengu úthlutað leikskólaplássi, voru 11.330. Af þeim höfðu 1900 börn sem ekki höfðu náð eins árs aldri en 9.400 voru um eins árs og fædd eftir lok ágúst. Af þeim börnum, sem ekki uppfylltu þessa reglu um leikskólapláss, voru 65% á einkareknum leikskólum. Einkareknir leikskólar taka á móti öllum börnum og þurfa ekki að fylgja þessum reglum. Þeir geta því sett sér sínar eigin reglur (Utdanningsdirektoratet, 2014).

Í Danmörku voru 194.397 börn í leikskólum reknum af sveitarfélögum og 39.940 í einkareknum (Ministeriet for børn,ligestilling, integration og sosial forhold, 2014).

Í Svíþjóð hefur einkareknum leikskólum farið fjölgandi frá 1990. Árið 2013 voru 489.300 börn í leikskólum í Svíþjóð, 84% allra barna á aldrinum 1-5 ára. Af þeim voru 20% barna í einkareknum leikskólum (Skolverket, 2014).

Hátt hlutfall einkarekinna leikskóla í Noregi gæti að hluta til skýrst af því að þeir þurfa ekki að fylgja sömu reglum um inntöku og aðrir leikskólar og geta tekið á móti þeim ungu börnum sem ekki fá pláss í almennum leikskólum á vegum sveitarfélaga. Það er jafnan talið gott að geta boðið upp á ólíka leikskóla sem starfa eftir mismunandi stefnum, þó rekstarformin séu ólík. Í hverju munurinn liggur helst gagnvart starfsfólki, foreldrum, faglega og rekstrarlega er áhugavert að skoða.

2.2. Mismunandi rekstrarform

Til eru mismunandi skilgreiningar á ólíkum rekstrarformum skóla og verður hér á eftir sagt frá nokkrum þeirra. Hugtakið einkaskóli (e. private school) er skóli í einkaeign og rekinn sem slíkur, þ.e. rekinn af öðrum en opinberum aðilum og kostaður með skólagjöldum og styrkjum (Börkur Hansen, 2002). Annað form á rekstri skóla eru samningsskólar (e. charter schools). Þeir þekkjast víða, s.s. í Bandaríkjunum. Samningsskólar eru skólar sem að hluta til eru reknir af ríki eða sveitarfélagi en hafa meira sjálfstæði um það hvernig þeir verja fjármagninu sem þeir hafa til ráðstöfunar. Fræðslufirvöld gera samning við skólann og fá þeir ákveðið fjármagn til reksturs og hafa þannig meira frelsi til að móta fleiri og/eða fjölbreyttari áherslur í skólastarfinu (Lubienski, 2009). Á Íslandi er almenningsskóli (e. public school) algengasta rekstrarformið, hvort sem um er að ræða leik- eða grunnskóla. Þá er skipulagið í höndum sveitarstjórna en námskrárgerð og eftirlit með starfsemi og að hún uppfylli lög og reglugerðir á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytisins (Loftur Guttormsson, 2008).

Á sama hátt og til eru mismunandi rekstrarform grunnskóla, á það líka við um leikskóla. Allir einkareknir leikskólar hér á landi eru með þjónustusamning við sveitarfélögin um rekstrarframlag til þeirra. Flestir einkareknir leikskólar heyra undir Hjallastefnuna eða þrettán talsins (Kolbrún Bergþórsdóttir, 2014). Skólar ehf. hófu rekstur á leikskólum árið 2001 og leggja þeir áherslu á skólastarf undir einkunnarorðunum „heilbrigð sál í hraustum líkama“. Í dag rekur fyrirtækið fimm heilsuleikskóla (Heilsustefnan, 2014).

Í blaðaviðtali við Margréti Pálu Ólafsdóttir, höfund Hjallastefnunnar, (Kolbrún Bergþórsdóttir, 2014) segir hún frá því að umsvif Hjallastefnunar fari sívaxandi. Segir hún foreldra sækjast mjög eftir að koma börnum sínum í þá skóla og biðlistarnir séu langir. Hjallastefnan, sem varð 25 ára haustið

2014, er með 460 starfsmenn og 2000 nemendur í þrettán leikskólum og fimm grunnskólum í tíu sveitarfélögum um land allt. Það sem Margrét Pála telur að geri leikskólann eftirsóknarverðan hjá foreldrum er yfirlýst markmið þeirra um kærleika, jákvæðni og gleði sem höfði til foreldra. Hvað grunnskólann varðar, telur hún að það sem foreldrum finnist eftirsóknarverðast sé að hópar eru fámennari en gengur og gerist í skólakerfinu. Margrét Pála segir skólakerfið á niðurleið og að það mæti ekki þörfum ólíkra nemenda. Til að breyta því vill hún sjá breytta námskrá þar sem skólar fengju frelsi til helminga um það sem væri kennt. Þannig fengju þeir tækifæri til að prófa sig áfram með kennurum og foreldrum (Kolbrún Bergþórsdóttir, 2014).

Í sumum skólum Hjallastefnunnar borga foreldrar skólagjöld. Margrét Pála segir það vera vegna þess að hún fái minna fjármagn til rekstursins en aðrir skólar í þessum sveitarfélögum og því hafi hún þurft að fara þá leið að innheimta skólagjöld. Hún segir skólann vera á ábyrgð samfélagsins og vill hún sjá að kennarar með frábærar hugmyndir geti stofnað og rekið skóla, þróað þá, útfært nýjar hugmyndir og fái til þess sama fjármagn og þeir hefðu ella fengið annars staðar (Kolbrún Bergþórsdóttir, 2014).

Í 29 gr. laga um leikskóla (2008) og í 44 gr. laga um grunnskóla (2008) segir að ráðherra geti veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum grunnskólum heimild til að reka þróunarleikskóla/skóla, eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá lögum. Slíkum tilraunum eru settar ákveðin tímamörk og gerð úttekt að tilraun lokinni. Þá er heimilt að styrkja þróunarleikskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni. Þessi möguleiki að reka þróunarleikskóla/skóla er í samræmi við það sem Margrét Pála fjallar um varðandi grunnskólann, þ.e. að kennarar með frábærar hugmyndir geta þróað og útfært nýjar hugmyndir í skólastarfi (Kolbrún Bergþórsdóttir, 2014). Að vísu eru tímatakörk og óvissa um framhaldið þættir sem gætu haft áhrif á framkvæmdir.

Guðmundur H. Frímansson (1986) segir rannsóknir og rökræður um skólamál á Íslandi af skornum skammti og því oft erfitt að komast að raun um á hvaða forsendum ákvarðanir eru teknar. Í upphafi voru skólarnir í ríkiseign þar sem almenningur hafði ekki getu til að kosta skólalald. Hann nefnir þrjár röksemdir gegn því að einkaaðilar sjái um rekstur skóla. Í fyrsta lagi sé um einokun að ræða og þyrfti fyrsti skólinn að setja upp skólagjald, sem væri hærra en kostnaður samfélagsins af því að reka skólann, til að hagnaður yrði af rekstrinum. Í öðru lagi nefnir hann að gildi menntunar og skólagöngu felist í betra samlífi eða siðaðra samfélagi. Menntun eða sæmileg undirstöðumenntun alls almennings segir hann vera meiri ávinning fyrir samfélagið heldur en nemendur eða foreldra þeirra. Í þriðja lagi nefnir

hann að fjölskyldan sé ekki rétti aðilinn til að taka ákvarðanir um skólagöngu barna sinni þar sem hún hafi ekki allar þær upplýsingar sem þurfi til að veða og meta skynsemi ákvarðana sinna.

Guðmundur H. Frímansson (1986) bendir jafnframt á að algengustu andmælin gegn einkaskólum séu þau að þeir muni auka ójöfnuð á meðal landsmanna. Margir hafi þá skoðun að jöfnuður í skólamálum sem öðru sé réttlætismál og því beri að forðast einkaskóla. En hann bendir á að ef draga á úr mismun í þjóðfélaginu, séu skólanir ekki þeir aðilar eða stjórnþæki sem eigi að koma því til leiðar. Það feli í sér ójöfnuð ef nemendur fái ekki nám og kennslu við hæfi, heldur fái allir sömu kennslu þar sem það sé ódýrasta leiðin á almennum markaði. Hann veltir því upp hvort einkaskólar geti hugsanlega sinnt þessum nemendum betur þar sem þeir þurfi að taka tillit til ólíkra þarfa nemenda sinna sem kaupa af þeim þjónustu.

Í dag eru foreldrar vel upplýstir um leik- og grunnskóla barna sinna og það nám sem á sér stað þar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Sumir foreldrar kynna sér t.a.m. sérstakega starf og stefnu leikskólans áður en þeir velja leikskóla fyrir barn sitt. Foreldrar eru þannig virkir þátttakendur í námi barna sinna og hafa meiri áhrif á starfið í leik- og grunnskólum en áður m.a. með tilkomu sérstakra foreldraráða sem getið er í lögum um leikskóla og grunnskóla (nr.78/91,2008). Í foreldraráði sitja fulltrúar foreldra og geta þeir haft áhrif á og komið með tillögur varðandi stefnu skólanna.

Hagfræðingurinn Milton Friedman kom fram með áhrifamikla hugmynd árið 1955 um skilvirka leið til að ná fram umbótum í almenna skólakerfinu. Framkvæmdin var útfærð þannig að opinberir aðilar innheimtu fé með sköttum vegna menntunar barna og unglinga í skyldunámi. Þessu fé var síðan útdelt með skólástyrkjum eða ávísunum til foreldra, sem síðan keyptu menntun fyrir börn sín og þeir gætu síðan bætt við fjármagni ef þeir teldu þörf á. Með þessu fyrirkomulagi yrðu skólarnir ólíkir og það væri hlutverk foreldra sem neytenda að velja skóla við hæfi barna sinna. Helsta gagnrýnin gegn þessari hugmynd fólst í að hún stuðlaði ekki að félagslegum stöðugleika, einnig að það gæti verið mismunandi á milli skóla hvaða gildi væru höfð að leiðarljósi sem gætu stuðlað að sundruni frekar en samheldni og umburðarlyndi. Þá gæti þessi leið stuðlað að aukinni stéttaskiptingu og í sumum hverfum viðhaldið henni. Talið var að hugmynd Friedmans henti illa á fámennum stöðum og í dreifbýli þar sem ekki sé grundvöllur nema fyrir einn skóla á hverjum stað (Börkur Hansen,2002; Marling og Baker, 2012).

Fyrsti samningsskólinn var stofnaður í Bandaríkjunum árið 1991. Þeir sem hafa áhuga á að setja á stofn slíka skóla gera samning við

fræðsluyfirvöld í viðkomandi sveitarfélagi. Helsti munurinn á samningsskólum og hefðbundnum skólum er m.a. sá að samningsskólar hafa meira sjálfstæði til að taka ákvarðanir um eigin málefni og hafa meira svigrúm varðandi það hvernig þeir ráðstafa sínum fjármálum. Margir fræðimenn töldu að aukið valfrelsi og fjölbreyttari námsúrræði, leiddu af sér meiri samkeppni og minni miðstýringu og að það væri leið til að bæta námsárangur nemenda. Niðurstöður rannsókna Gills og féлага á námsárangri nemenda í samningsskólum sýndu að námsárangur þeirra var hvorki betri né verri en nemenda í almenningskólum. Einnig kom fram að nemendur samningsskóla tilheyrðu ekki neinum ákveðnum hópi frekar en öðrum og foreldrar þeirra voru ánægðir með að geta valið úr ólíkum skólalagerðum fyrir börn sín (Börkur Hansen, 2002).

Ravitch (2013) hefur um árabil rætt og ritað mikið um skólamál í Bandaríkjunum. Hún varar sterklega við því að einkavæða skólana. Hún segir reglur hins frjálsa markaðar virka vel við að framleiða vörur og þjónustu en ekki þegar kemur að skólakerfinu og menntun nemenda. Skólinn passi þannig ekki inn í módel markaðsvæðingar þar sem lögmál markaðarins eru ráðandi með framboð og eftirspurn að leiðarljósi. Hún segir að skólakerfið eigi að standa á traustum grunni og það eigi að vera á ábyrgð hins opinbera að tryggja öllum nemendum nám við hæfi, með því að bjóða upp fjölbreytt námsframboð. Einkareknir skólar eða samningasskólar hafa ekki, samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið, getað sýnt fram á að þeir skili betri kennslu eða námsárangri en almennir skólar. Hættan við einkarekstur er m.a. að hann mismuni nemendum eftir efnahag foreldra þannig að efnameiri foreldrar geti tryggt börnum sínum betri menntun gegn greiðslu og það stuðli að félagslegum mismun og ójöfnuði.

Með einkaskólum er gefið í skyn að kennsla í almennum skólum sé ekki eins góð og í einkaskólum og horft er til niðurstaðna staðlaðra prófa sem mælikvarða á nám og gæði skóla. Með því að bjóða upp á val um ólíka skóla er verið að markaðsetja skólann, gengið út frá að hann sé tilboð, sem foreldrar velja fyrir börn sín á einstaklingsgrunni, og horft er framhjá samfélagslegum áhrifum þess. Flestir nemendur fara í sína hverfisskóla og fá góða almenna menntun, sem nýtist þeim síðar sem almennum borgurinum í samfélaginu. Skólinn þjónar þannig þörfum samfélagsins en með einkarekstri er meira horft til þess að uppfylla kröfur markaðarins. Með einkarekstri verður skólinn ekki með sama hætti hluti af því samfélagi, sem hann er í, þar sem lögmálin eru önnur. Hann nær þar af leiðandi ekki að samsama sig og bindast þeim böndum og tryggð sem oft skapast á milli skóla í sama sveitarfélagi eða hverfi. Ravitch (2013) bendir á það sem vel

hefur verið gert í menntamálum í Finnlandi og vill að skólakerfið í Bandaríkjunum læri af reynslu Finna og hafi þeirra áherslur að leiðarljósi.

Það eru skiptar skoðanir eru á því hvort það eigi að einkareka skóla, eða hvort það eigi að vera á ábyrgð sveitarfélaga að sjá til þess að allir nemendur fái nám og kennslu við hæfi. Það að einkareka skóla hefur ekki sýnt fram á að það stuðli að betri námsárangri nemenda, samkvæmt niðurstöðum rannsókna, og gæti leitt til ójöfnuðar að mati Ravitch (2013).

2.3. Ólík sýn á skólastarf

Samkvæmt lögum um leikskóla (2008) skal þeim stjórnað af leikskólastjóra sem starfar í umboði rekstraraðila. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskólans, og gætir þess að framfylgja þeim lögum, reglugerðum og aðalnámskrá sem í gildi eru hverju sinni. Á flestum leikskólum eru síðan deildarstjórar yfir hverri deild sem halda utan um starfið innan deildarinnar. Í Hjallaleikskólum gegna hópstjórar því hlutverki.

Mikið nám á sér stað í leikskólanum og er hann upphaf formlegrar menntunar einstaklinga, fyrsta skólastigið. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Reglulega heyrast í samfélaginu að börn á leikskólaaldri þurfi meiri krefjandi verkefni eða svokölluð skólamiðuð verkefni. Í leikskólanum eigi að nota tímann í að kenna og undirbúa börnin fyrir lestur og stærðfræði síðar meir. Með þeim hætti séu börnin búin betur undir það samfélag sem framtíðin ber í skauti sér þar sem samkeppni er ráðandi. Leikurinn, sem hið hefðbundna leikskólastarf byggir á, verður þannig ekki eftirsóknarverður kostur (Kristín Dýrfjörð, 2014, b).

Á leikskólum á Íslandi er leikurinn viðurkenndur sem aðalnámsleið barnsins. Eftir hrunið 2008 hefur í auknum mæli verið horft til menntunar og innihalds náms og sjást merki þess hér á landi að þróunin sé í þá átt að gera leikskólabörn betur undirbúin undir væntanlega grunnskólagöngu, gera þau skólahæf (e. school-ready) með því að færa sumt að þeirri hugmyndafræði, sem hefur verið við lýði og kennd í fyrstu bekkjum grunnskóla, niður í leikskólann. Með því er horft fram hjá því mikilvæga námi sem á sér stað í gegnum leikinn og þeim grunngildum sem leikskólastarf byggir á (Bryndís Gunnarsdóttir, 2014).

Mikilvægt er að stjórnendur og starfsfólk leikskóla séu meðvitaðir um þessa þróun og hafa skýr markmið með sínu starfi út frá lögum um leikskóla og aðalnámskrá. Sumir leikskólar hafa sérhæft sig í að vinna með ákveðna þætti, s.s. læsi, útinám og fer þá mikið af starfinu fram utandyra, heilsu, þar sem heilsa og velferð er höfð að leiðarljósi, að skipta börnum í hópa eftir aldri og kyni, s.s. í Hjallastefnuskólunum. Hvort það hafi mikil áhrif á eftirspurn að sérhæfa starfsemina með ofangreindum hætti hefur ekki verið rannsakað gaumgæfilega hér á landi.

Kristín Dýrfjörð (2011) og Moss (2007) fjalla um áhrif nýfrjálshyggjunnar á leikskólustarf. Áhrifin má sjá á þann hátt að áhersla verður fyrst og fremst lögð á fyrirfram gefinn árangur og skilvirkni. Í leikskóla upplifa leikskólakennarar sig gjarnan áhrifalaus og finnst að starf þeirra farið að snúast um það að framfylgja því sem aðrir hafa ákveðið að sé betra eða best. Kristín bendir jafnframt á mikilvægi þess að fólk sé almennt meðvitað um hvers vegna það vinnur eins og það gerir, og að það sé tilbúið að skoða á gagnrýnan hátt hvers hagsmuna það er að gæta. Hún bendir á mikilvægi þess að í kennarahópnum sé lifandi umræða þar sem fólk tekst á hugmyndafræðilega og átti sig á menntapólitísku hlutverki sínu.

Í leikskólunum eru starfsmannafundir, deildarfundir og starfsdagar notaðir til að rýna í og ræða starf, stefnu og gæði leikskólustarfsins. Það á við hvort sem þeir eru einkareknir eða reknir af sveitarfélögum. Allir leikskólar gera sína skólanámskrá sem unnin er út frá lögum um leikskóla frá 2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Margir fræði- og stjórnámálamenn hafa horft til Finnlands þar sem þeim hefur tekist vel til í grunnskólamálum. Sahlberg (2013), sem er háskólakennari og fræðimaður, hefur verið ráðgjafi í menntamáli í Finnlandi. Hann hefur farið víða um heim til að fræða og upplýsa um hvernig Finnar byggja upp skólakerfi sitt. Hann segir m.a. að finnskir kennarar líti á sig sem uppeldisfræðilega leiðtoga. Þeir koma allir að gerð skólanámskrár og setja sér markmið með kennslu sinni og fyrir hver og einn nemanda. Námsárangur er metinn jafnt og þétt allan skólatímann og nám miðað við þarfir og getu hvers og eins nemenda. Kennaramenntunin er mikils metin í landinu, kennarar eru almennt ánægðir í starfi og njóta virðingar fyrir störf sín. Þeir fá góðan undirbúningstíma fyrir utan kennslu og tíma til að ræða og skiptast á skoðunum við samkennara um það nám sem undirbúið er og unnið að hverju sinni. Þeir eru duglegir að sækja sér endurmenntun til að styrkja sig sem kennara. Skólastjórnendur eru kennslufræðilegir leiðtogar síns skóla og vinna í nánú samstarfi við kennara að markmiðum skólans. Margir sem kynnt hafa sér finnska menntakerfið hafa undrast að það hafi

ekki orðið fyrir áhrifum af markaðsvæðingunni. Sahlberg svarar því til að skólakerfið og menntun kennara standi á traustum grunni og því sé ekki ástæða til að breyta því sem vel gengur, breytinganna vegna (Sahlberg, 2013).

Sahlberg (2010) segir að samkeppni milli skóla og niðurstöður staðlaðra prófa standi framþóun í menntakerfinu fyrir þrifum. Aukin samkeppni og einstaklingshyggja sé ekki rétta leiðin til að ná árangri að hans mati. Mikilvægara sé að byggja upp skólakerfið innan frá á grundvelli þess mannauðs og þekkingar sem hver og einn skóli býr yfir.

Hver leikskóli ræður yfir ákveðnum mannauði. Mikilvægt er að huga vel að honum því mannauðurinn stendur á bak við allt það mikla og síbreytilega starf sem fer fram í skólanum. Án mannauðs, reynslu og þekkingar, sem býr í starfsmannahópnum, væri leikskólinn ekki meira en umgjörðin ein. Samkeppni á milli skóla um nemendur og jafnvel kennara er ekki rétta leiðin til að byggja upp farsælt skólustarf heldur skiptir samvinna, samstarf og gagnkvæm virðing miklu máli.

2.4. Nýfrjálshyggja og markaðsvæðing

Hugtökin nýfrjálshyggja (e.neoliberalism) og markaðsvæðing (e. marketization) hafa verið áberandi í umræðunni hér á landi sem og erlendis og tengst m.a. umræðunni um menntamál og einkavæðingu leik- og grunnskóla. Páll Skúlason (2008) kallar hugmyndafræðina að baki breytingum í skólakerfinu markaðshyggju. Um miðjan áttunda áratuginn fór markaðshugmyndin að gegna stóru hlutverki í umræðunni um mennta- og skólamál. Hún ýtti annarri hugmyndafræði í hinum vestræna heimi til hliðar og varð ríkjandi. Markaðshyggjan boðar að samkeppni sé af hinu góða og hún bannar okkur að tala um þann skaða sem samkeppni veldur með auknum kostnaði. Einnig dregur hún úr gæðum, og leggur meira á fólk en gott getur talist (Páll Skúlason, 2008). Páll segir jafnframt:

Menntakerfið var skyndilega skilið sem markaðskerfi þar sem lögmál framboðs og eftirspurnar ríkja. Þetta viðhorf, sem ég gagnrýndi þá (sjá viðhorf til menntunar,1977) vegna þess að ég taldi það villa okkur sýn á það sem mestu máli skiptir, inntak menntunar, hefur síðan orðið æ áhrifameira í umræðunni um skólamál. Sú umræða hefur í reynd snúist meira um rekstrarform og nánst skipulega sneitt framhjá spurningum um

innihald og eiginleg gæði menntunar. (Páll Skúlason, 2008, bls. 11-12).

Skólar og leikskólar geta því samkvæmt þessu verið í samkeppni innbyrðis og í samkeppni um nemendur og kennara. Það sem gerist í skólanum hefur minna vægi, þ.e. námið sjálft og innihald þess. Þó hlýtur skólinn að þurfa að markaðssetja sig á einhvern hátt til að laða að sér nemendur og kennara, verða samkeppnisfær. Skólinn þarf þannig að selja foreldrum og kennurum hugmyndina um eigið ágæti og að hann sé betri kostur en annar skóli. Það að markaðssetja sig á kostnað gæða er varhugavert og getur leitt til sundrungar fremur en samstöðu.

Ólafur Páll Jónsson (2009) segir markaðshyggjuna birtast á þann hátt að tekist hafi að gera hana að grundvelli samfélagsins, þ.e. samfélagið á að þjóna markaðinum en ekki markaðurinn samfélaginu. Páll Skúlason (2008) segir að líta megi á skólakerfið sem markaðskerfi sem sett er á laggirnar til að svara tiltekinni eftirspurn. Hann segir skólann vera stað sem kennari leitist við að koma nemenda til þroska og aðstoða hann við að tileinka sér ákveðið námsefni. Hann telur gagnrýnivert að láta umræðu og ákvarðanir í menntamálum ráðast af því að hér sé um viðskipti og rekstrarmál að ræða, og að það sé horft fram hjá því sem felst í skólastarfinu og menntuninni sem slíkri.

Í erindi, sem Kristín Dýrfjörð (2014,a), hélt um rekstrarform og hugmyndafræðina á bak við markaðsvæðingu skólakerfisins, kom fram að hér á landi hefðu áorðnar breytingar gerst hægt og hljótt og að við stöndum á mikilvægum krossgötum. Þeim sveitarfélögum fjölgi sem hafi gengið frá samningum um „útvistun“ á hluta af sínu skólakerfi. Fyrst hafi það verið leikskólarnir en núna séu það líka grunnskólarnir. Hún segir umræðuna í þjóðfélaginu um þessar breytingar hafi ekki verið mikla. Einkareknir leik- eða grunnskólar séu núna starfræktir á Tálknafirði, í Sandgerði, á Skagaströnd, í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og á Ísafirði. Leik- og grunnskólar eru faldir fyrirtækjum til reksturs, í flestum tilfellum án útboðs. Í stað þess að horfa til almennarar velferðar fyrir alla, er ýtt undir hugmyndir um einstaklingshyggju, og að hver og einn beri ábyrgð á sér og sinni farsæld. Réttur þeirra foreldra, sem hafa efni á að kaupa betri framtíð fyrir börnin sín, er talinn sjálfsagður.

Einkareknum leikskólum hefur fjölgað og eru núna komnir á fleiri staði en einungis á Stór-Reykjavíkusvæðinu. Flestir foreldrar hafa þó val um

leikskóla fyrir barn sitt, en þó ekki á öllum minni stöðum á landinu þar sem er bara einn leikskóli í byggðarkjarnanum.

Kristín Dýrfjörð (2014,a) segir að markaðsvæðing skólakerfisins snúist um það hvernig við ætlum að nota það fjármagn sem er til staðar. Markaðsvæðing skólanna snýst um þá pólitísku hugmyndafræði, sem við höfum í samfélaginu, en ekki um hugmyndafræði einkaskóla eða það hvort foreldrar eru ánægðir eða ekki.

Sahlberg (2004) segir mikilvægt að skoða og skilja áhrif hnattvæðingar á kennslu og nám, og hvernig það birtist svo í stefnumótun sem sveitarfélög og ríki setja sér í menntamálum. Rökin fyrir auknu sjálfstæði skóla felur ekki í sér að minnka ábyrgð sveitarfélaga eða ríkisins. Hagræðing í rekstri gæti ef til vill verið til staðar, en ekki leið til að bæta námsárangur umfram aðra skóla.

Einkavæðing í skólakerfinu hvort sem um er að ræða leik- eða grunn-skóla, snýst um það hvernig við förum með almannafé. Gera foreldrar ef til vill meiri kröfur um gæði í skólastarfi þegar um einkarekstur er að ræða? Gæti það virkað hvetjandi að borga fyrir þjónustuna og um leið stuðla að meiri og virkari þátttöku foreldra í skólastarfinu?

Berglind Rós (2013) segir hugtakið nýfrjálshyggja vera margþætt og snerti gildi, hugmyndafræði og aðgerðir á pólitískum, efnahagslegum og menningarlegum sviðum samfélagsins. Ef um er að ræða misrétti eða vandamál þá eru þau talin liggja hjá einstaklingnum sjálfum þ.e. nemandanum, kennaranum eða stjórnandanum. Það er því horft fram hjá þeim neikvæðu afleiðingum sem hagrænir og félagslegir þættir hafa á skólastarfið, þ.e. utanaðkomandi þættir. Leikskólinn er partur af því samfélagi og þeirri menningu sem hann er í á hverjum stað á hverjum tíma. Það er ekki hægt að skoða hann sem einangrað fyrirbæri, heldur mótast hann af því umhverfi, sem hann er í hverju sinni, og þeirri menntastefnu og pólitík sem er ráðandi á hverjum tíma.

Kolbeinn Stefánsson (2010) segir hugtakið nýfrjálshyggja hafi komið fram eftir seinna stríð og yfirlýst markmið hennar sé að auka frelsi fólks. Hann bendir jafnframt á gagnsemi þess að skoða nýfrjálshyggjuna út frá aðgreiningu Isaiahs Berlin (1969) á jákvæðu og neikvæðu frelsi. Með jákvæðu frelsi er átt við frelsi til að njóta tiltekinna gæða, s.s. að sækja sér menntun og taka virkan þátt í samfélaginu með því að hafa áhrif á mótun þess. Með neikvæðu frelsi er átt við frelsi frá afskiptum annarra, t.d. stjórnvalda. Það snýst um að fá að lifa því lífi sem viðkomandi vill miðað við aðstæður hvers og eins (Kolbeinn Stefánsson, 2010).

Kolbeinn Stefánsson (2010) segir skilning nýfrjálshyggjunnar á frelsi vera þröngan og að markaðurinn sé meginvettvangur frelsis. Hver og einn hefur ákveðið fjármagn úr að spila og getur fengið þá vöru eða þjónustu sem hann kys að kaupa, ef það er innan þess ramma sem fjárhagurinn leyfir. Þeir sem eigi minna fjármagn hafi minna frelsi í markaðssamfélaginu og geti þar af leiðandi leyft sér minna. Margt af því sem við metum hvað mest í lífinu lítum við ekki á sem vöru eða hlut sem við getum keypt. Málsvarar markaðshyggjunnar segja það ekki ómögulegt að setja verðmiða á slíkt því ef fólk telur eitthvað mikils virði hljóti það að vera tilbúið að borga fyrir það. Því leggur nýfrjálshyggjan mikla áherslu á að markaðsvæða sem flesta þætti mannlífsins, s.s. ýmsa opinbera þjónustu og rekstur stoðkerfa eins og uppeldi, umönnun og menntun barna. Með því að færa sem flesta þætti frá hinu opinbera, nærsamfélaginu eða fjölskyldunni og yfir á einkamarkaðinn, því fleiri þáttum er hægt að gefa verðgildi. Með slíkri verðlagningu er hægt að koma fleiri verkefnum til einkaaðila sem hagnast á þeim. Hann bendir á eftirfarandi:

Í slíkri þróun felst að aðrar forsendur verðmætamats, s.s. siðgæði og fagurfræði, víkja fyrir peningagildi markaðarins. Það leiðir aftur til afar fátæklegrar sýnar á mannlífið sem samkeppni um mismunandi neyslugæði auk þess sem það takmarkar aðgang margra að gæðum sem áður voru aðgengileg öllum.

(Kolbeinn Stefánsson, 2010, bls. 17).

Þannig telur nýfrjálshyggjan mikilvægt að einkavæða til að gefa ákveðinni vöru eða þjónustu verðgildi og hagnast á þeim. Það að einkavæða leikskóla og reka þá samkvæmt lögum og reglugerðum hlýtur að fela í sér sama eða svipaðan kostnað og sveitarfélögin leggja til við rekstur leikskóla. Það að reka leikskóla er kostnaðarsamt og er talað um að foreldrar borgi aðeins lítinn hluta að þeim heildarrekstrarkostnaði. Því geta einkareknir leikskólar varla hagnast mikið af þeim rekstri.

2.5. Sóknarfæri?

Í nýlegri skýrslu Viðskiptaráðs Íslands, *Stærsta efnahagsmálið sóknarfæri í menntun*, kemur m.a. fram að námsárangur við lok grunnskóla hér á landi hafi verið slakur og að menntakerfið hafi brugðist hlutverki sínu í að undirbúa nemendur á fyrri skólastigum með fullnægjandi hætti undir nám síðar á skólagöngunni. Til að bæta úr því þarf að líta til kennslu og þátta sem hafa áhrif. Sem dæmi má nefna endurgjöf, aukið frammistöðumat, faglega

forystu stjórnenda og markvissa stefnumótun og eftirfylgni. Þessar breytingar krefjast minni miðstýringar og meira valfrelsis og stuðla að meiri samkeppni (Viðskiptaráð Íslands, 2014).

Því er nauðsynlegt að skoða reglulega og skilgreina það nám, sem fram fer í leik- og grunnskóla, og hvert við viljum stefna, að mati Viðskiptaráðs Íslands. Ný lög um leik- og grunnskóla og aðalnámskrá gefi tóninn og skólum meira frelsi til athafna þótt leiðarljósinn sé skýr. Valfrelsi og aukin fjölbreytni í menntamálum gefi skólum aukið svigrúm til að starfa sjálfstætt og haga þannig námsfyrirkomulaginu betur að vilja nemenda og foreldra.

Lykilforsenda valfrelsis sé fjölbreyttara rekstrarform, bæði er varði skóla og gerð námsgagna og kennsluefnis. Menntakerfi, sem veiti skólum aukið sjálfstæði, skili betri námsárangri nemenda. Viðskiptaráð Íslands telur að með því að hleypa fleirum að borðinu og auka þannig fjölbreytni í rekstrarformi skóla, sé hægt að skapa umhverfi sem ýti undir samkeppnishugsun og nýsköpun. Aukin aðkoma einkaaðila muni jafnframt skapa svigrúm til að borga þeim kennurum, sem standa sig vel í starfi, hærri laun. Viðskiptaráð telur að samningsstaða kennara geti batnað ef samkeppni sé milli skóla um bæði nemendur og kennara (Viðskiptaráð Íslands, 2014).

Það er gott að hafa val og ólík rekstrarform og ákveðið sjálfræði. En hvort það tryggi betra nám og hvort samkeppni þurfi til að bæta námsárangur er erfitt að segja til um. Það getur líka verið erfitt að meta hvaða kennarar standi sig vel og eigi að umbuna með hærri launum því það fer eftir því hvað á að bera saman: eru það einkunnir nemenda, eða framkoma, samkipti og samstarf kennara við foreldra og samkennara, nemendur? Hvað skiptir máli í skólasterfinu?

Berglind Rós Magnúsdóttir (2015) fjallar um skýrslu Viðskiptaráðs Íslands (2014) og gerir við hana athugasemdir. Það sem hún bendir m.a. á er að þar sem verið hefur lögð áhersla á samkeppni milli skóla og val foreldra um skóla, hefur það leitt til þess að meiri aðgreining hafa orðið á þann hátt að minnihlutahópar hafa myndast í ákveðnum skólum, og í öðrum hafi þeir safnast saman sem búa við forréttindi. Jafnframt bendir hún á það að tengja laun kennara við árangur nemenda, líkt og Viðskiptaráð leggur til sé umdeilt. Þó kennslan sjálf skipti vissulega máli, þá sé varhugavert að segja að framtíðartækifæri nemenda sé háð því hvernig kennara þau höfðu í gegnum skólagöngu sína, og horft sé fram hjá öðrum þáttum sem hafa þar áhrif s.s. félags- og efnahagslegar aðstæður, skipulag menntakerfis, námsframvinda (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2015).

Í Hvítbók um úrbætur í menntamálum (2014) kemur fram að helsti styrkleiki íslenska menntakerfisins miðað við það sem gerist í samanburðarlöndunum er að námsárangur er nokkuð jafn á milli skóla og að almennt líði nemendum vel í skólanum. Skólakerfið er sveigjanlegt og laust við mikla miðstýringu. En íslenska menntakerfið glímir við minnkandi læsi við lok grunnskóla og slaka námsframvindu í framhaldsskólum.

Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og í aðalnámskrá allra skólanna er lögð áhersla á gagnrýna hugsun, sköpun, tjáningu og virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Í Hvítbókinni er sjónum beint að því hvaða stoðir menntakerfisins þurfi helst að styrkja og hvaða leiðir séu best fallnar til þess til að uppfylla löggjöf og það sem aðalnámskrá boðar. Til að styrkja þær stoðir er horft til þeirra þjóða sem best standa í alþjóðlegum samanburði og til þess lærdóms sem við getum dregið af niðurstöðum þeirra. Sett eru fram tvö meginmarkmið um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018. Þau eru að 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri, en nú er þetta hlutfall 79%. Hitt markmiðið er að 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma, en hlutfallið er nú 44% (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Í leiðbeiningum UNESCO um framþróun er greint frá átta árangursríkum og varanlegum lykilþáttum til framþróunar í menntamálum. Út frá þeim eru settar fram umbætur fyrir okkar land og markmið um lestur. Rætt er m.a. um að grunninn að lestrarnámi þarf að leggja strax í leikskóla með skipulegri málörvun, markvissum lestri fyrir börnin, umræðum um það sem lesið er og með því að ýta undir áhuga á lestri (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Nú þegar hafa mörg sveitarfélög farið í sérstök átaksverkefni til að bæta læsi og færni í stærðfræði, fyrir börn allt frá 2 ára til 16 ára og hefur Hvítbók ráðherra væntanlega haft áhrif þar á.

2.7. Rannsóknir á samningsskólum

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á mismunandi rekstrarformi og áherslum í skólastarfi. Gulbrandsen og Eliassen (2013) gerðu í Noregi viðamikla rannsókn sem spannaði upplýsingar yfir tíu ára tímabil um gæði leikskólastarfs og þróun frá árunum 2002-2011. Valdir voru leikskólar vítt og breitt um Noreg og voru stjórnendur beðnir um svara spurningalistum. Spurningarnar snertu þætti eins og stærð leikskóla, stöðuleika í starfsmannahópnum, dagsskipulagið, umhverfið í leikskólanum, hvernig tekið er á einelti, samstarf við foreldra, börn með sérþarfir, og rekstrarform svo fátt eitt sé nefnt. Helstu niðurstöður voru að leikskólarstjórnarnir hvort

sem um var að ræða í einkareknum leikskólum eða leikskólum reknum af sveitarfélaginu voru sammála eða nokkuð sammála um að starfsmannafjöldinn væri viðunandi og efniðviður og aðbúnaður til náms og kennslu einnig. Leikskólastjórar í einkareknum leikskólum voru meira sammála því að rekstraráætlun fyrir leikskólann væri fullnægjandi en stjórnendur í almennum leikskólum. Leikskólastjórar í báðum leikskólagærdum voru sammála um að menntuarstigið í leikskólanum væri viðunandi. Rannsóknin hófst árið 2002 og sögðu rannsakendur að það sem bar á milli í upphafi rannsóknarinnar, s.s. varðandi fræðslu til starfsmanna sem var í upphafi meiri í einkareknum leikskólum, þá hafi þróunin orðið sú að í dag eru leikskólarnir orðnir um margt líkir, hvort sem þeir eru einkareknir eða ekki.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á einkareknum skólum. Lubienski (2009) segir frá nokkrum í skýrslu sinni um áhrif og ívilnun markaðarins í nýsköpun og kennslufræði. Einkareknum skólum í Bandaríkjunum hefur fjölgað jafnt og þétt í gegnum árin og er það rekstrarform í mestum vexti. Árið 2008 voru einkareknir skólar um 4600 í Bandaríkjunum og Kanada. Með því að einkareka skóla er hægt að stuðla að fjölbreyttara námi og auknu vali foreldra á námi fyrir börn sín og sú hugmyndafræði er ríkjandi að það sama henti ekki öllum. Með auknu frelsi einkarekinna skóla eru þeir í aðstöðu til að innleiða nýjungar í námi og kennslu, enda eru þeir ekki bundnir sama regluverkinu og opinberir skólar, þótt sveitarfélögin hafi áfram eftirlit með starfssemi þeirra (Lubienski,2009). Stout og Garn (1999) gerðu umfangsmikla alhliða rannsókn á 75 einkareknum skólum í Arizona til að sjá í hverju þeir væru ólíkir almenningskólum. Helstu niðurstöður voru þær að ekki var marktækur munur á þeim og skólum er sveitarfélögin ráku s.s.varðandi námsefni eða fjölda barna í bekk. Þeir sérhæfðu sig heldur ekki í einhverjum nýjungum umfram aðra almenna skóla. Hassel (1998) skoðaði skólanámskrá, og uppeldis- og kennslufræðigögn 80 samningsskóla víðs vegar í Bandaríkjunum. Af þessum skólum voru 54% með skólanámskrá með almennum áherslum í námi tengt grunnfögunum, í 9% tilvika var hægt að finna ákveðinn menningarlegan mun, 36% skólanna voru með aðrar áherslur en hinar stöðluðu almennu skólanámskrár (Lubienski,2009).

Í Svíþjóð eru starfandi samtök um heilsu og ráðgjöf sem mörg fyrirtæki eru aðilar að. Þessi samtök gerðu stóra rannsókn meðal fyrirtækja í Svíþjóð er tilheyrðu samtökunum. Þau voru síðan beðin af samtökum sjálfstæðra skóla í Svíþjóð um að taka út þann hluta rannsóknarinnar er fjallar um niðurstöður þeirra sem vinna innan leik- og grunnskóla, hjá bæði sveitarfélögum og einkareknum skólum. Alls bárust 1018 svör, 829 frá þeim sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum og 175 hjá einkaaðilum. Krafan um aukin

afköst og skilvirkni hefur aukist í gegnum árin og segja 73% þeirra sem starfa hjá sveitarfélögum finna fyrir því og 64% þeirra sem starfa hjá einkareknum skólum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að kennarar í einkareknum skólum voru almennt ánægðari í starfi og höfðu betri aðgang að persónulegri aðstoð ef þörf krafði en kennarar sem starfa hjá sveitarfélögum. Kennurum í fyrrnefnda hópnum fannst heilsufar sitt almennt betra, þeir voru ánægðari með laun sín og starfsumhverfi og voru minna frá vinnu vegna veikinda (Nyberg, 2014).

Menntamálaráðuneytið í Svíþjóð (2014) lét gera úttekt á hversu mörg rekstrarform væru í leik-, grunn- og framhaldsskólum, og hversu margir stjórnendur kæmu að rekstri þeirra. Í skýrslunni um þessa úttekt kom fram að nú, þegar hægt er að bjóða upp á mismunandi rekstrarform í leik- og grunnskóla, eru mörg sveitarfélög í þeirri stöðu að skólarnir hvort sem um er að ræða einkarekna eða sem rekna af sveitarfélaginu, eru í samkeppni sín á milli og um nemendur. Fjölbreytt skólaframboð stuðlar að auknum gæðum í skólastarfi en það hefur líka haft þau áhrif að frammistaða nemenda er mismunandi eftir skólum. Einnig hafa ekki allir nemendur sama val þar sem mismunandi framboð er á skólum á milli sveitarfélaga (Skolverket, 2014). Árið 2013 voru 20% af börnum á leikskólaaldri í einkareknum leikskólum. Af einkareknu leikskólunum voru 80% reknir af hlutafélögum. Um 93% skólastjóra stjórna einum leikskóla, 5% stjórna í tveimur til fjórum leikskólum, og 2% hafa umsjón með meira en fjórum leikskólum (Skolverket, 2014).

Lundahl, Arreman, Holm og Lundstöm (2013) segja að almennt hafi verið litið á Svíþjóð sem land með sterka stjórnsýslu og velferðarþjónustu þar sem jöfnuður og velferð er höfð að leiðarljósi í stjórnun landsins. Sænska velferðar- og menntakerfið hafi á síðustu 30 árum gengist undir miklar breytingar og þróast í átt að hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar, svipað og gerst hafi í öðrum OECD löndum. Breytingarnar í menntakerfinu í Svíþjóð í átt til markaðsvæðingar og nýfrjálshyggju hafi gerst á skömmum tíma og verið að mörgu leyti róttækari en í mörgum öðrum löndum. Þessar breytingar á skólunum í átt til sjálfstæðis, s.s. með einkarekstri, samningsskólum og hlutafélögum um reksturinn, hafi vakið athygli og aðdáun meðal annarra þjóða. En það hafi jafnframt haft í för með sér samkeppni á milli skóla og sveitarfélaga. Skólarnir starfi þó allir eftir sömu lögum og reglugerðum og aðalnámskrá. Hver skóli geri svo sína skólanámskrá byggða á lögum og aðalnámskrá. En þó breytingarnar hafi verið hraðar og samhliða orðræðunni um árangur og samkeppni, sé þó kveðið á um það í lögnum að unnið skuli eftir hugmyndinni um félagslegt jafnrétti og lýðræði, skóla fyrir alla.

Lundahl, o.fl.(2013) unnu að rannsóknarverkefni frá 2008 til 2011 sem miðaði að því að greina þau áhrif sem markaðsvæðing hefði á innra starf framhaldsskólanna. Niðurstöður byggja á ýmsum gögnum og upplýsingum sem aflað var í gegnum opinberar tölfraðilegrar upplýsingar, í stefnuyfirlýsingum, á vefsíðum sveitarfélaga og skóla, og greinum úr fjölmiðlum. Einnig voru tvær vefkannanir lagðar fyrir stjórnendur og námsráðgjafa og náðu þær til 60 sveitarfélaga og fleiri en eitt hundrað framhaldsskóla. Tekin voru viðtöl við 8 skólastjóra, 58 kennara, 13 ráðgjafa og 77 nemendur. Helstu niðurstöður voru að samkeppni á milli skólanna hefði áhrif á kennara og nemendur á ýmsan hátt, s.s. með því að stuðla að þróun og breytingum í kennslu- og kennsluaðferðum. Af nemendum sögðu 25% að áhrif samkeppninnar hefðu haft áhrif á þeirra nám og líðan við skólann. Ýmislegt var gert til að ná til nýrra væntanlegra nemenda, t.d. með opnu húsi, auglýsingum á netinu, í blöðum og í tölvum, með tölvupósti, með ýmsum gilliboðum eins og ókeypis aðgangi í líkamsrækt. Með aukinni samkeppni milli skóla og um nemendur upplifðu skólastjórar sig frekar sem framkvæmdastjóra fyrirtækis, sem ætlar að ná árangri og selja vöru til að ná til nemenda og fá þá inn í skólann, frekar en faglega leiðtoga skólans (Arreman,Holm,Lundahl, Lundstöm,2013).

Eins og fram kemur hér að ofan, hafa verið gerðar margar rannsóknir á ólíkum rekstarformum leik- og grunn- og framhaldsskóla. Hvað leikskólunum viðkemur hefur þróunin í Noregi verið þannig að þeir eru orðnir um margt líkir, hvort sem þeir eru einkareknir eða ekki. Í rannsóknum sem gerðar voru í Svíþjóð á grunnskólunum, kom ekki fram marktækur munur á einkareknum eða almennum skólum um fjölda barna í bekk, námsefni eða sérhæfingu umfram aðra skóla. Í framhaldsskólunum bar á samkeppni milli skóla um nemendur, m.a. til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra.

2.8. Niðurlag

Í umfjölluninni hér á undan hefur verið rætt um hina ýmsu þætti sem hafa áhrif á það hvernig leikskólar og skólar starfa. Með nýjum lögum um leikskóla (2008) kemur fram að sveitarstjórnir geti leyft öðrum að byggja og reka leikskóla. Þeir þurfa að fara eftir sömu lögum og reglugerðum og aðrir leikskólar. Í kjölfar þessara laga hefur einkareknum leikskólum á Íslandi fjölgað (Hagstofa Íslands, 2011).

Það eru skiptar skoðanir á því hvort það eigi að einkareka skóla og hver sé ávinningurinn af því? Ravitch (2013) varar sterklega við einkavæðingu skóla. Hún segir að reglur markaðarins eigi ekki við þegar fjallað er um menntun nemenda. Margar rannsóknir s.s. Lundahl, o.fl.(2013) hafa verið

gerðar á einkareknum skólum og gefa margar þeirra til kynna að þeir eru í raun ekki svo ólíkir almenningsskólum.

Hér á landi er meira um að leikskólar séu einkareknir en grunnskólar. Mikilvægt er að geta haft val um ólíka leik- og grunnskóla sem vinna samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda hverju sinni. Hvaða tækifæri og möguleikar felast í mismunandi rekstarformum leikskóla er áhugavert að skoða, og fá fram í hverju munurinn liggur helst að mati stjórnenda. Einnig hvaða lærdóm við getum dregið af áhrifum af ólíku rekstrarfyrirkomulagi á mikilvæga þætti í starfsemi leikskóla.

3. Aðferð

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeirri aðferð sem notuð var við rannsóknina. Hún byggir á einstaklingnum og reynslu hans af því sem rannsakað er. Markmiðið er að dýpka skilning manna á viðfangsefninu.

3.1. Rannsóknaraðferð og snið

Lichtman (2013) segir eigindlegar rannsóknir vera leið til þekkingar þar sem rannsakandinn safnar gögnum, vinnur úr þeim og túlkar þau út frá þeim upplýsingum sem hann fær hjá viðmælanda. Þannig eru eigindlegar rannsóknir mótsvar við megindlegum rannsóknum þar sem markmiðið með þeim er að sanna tilgátur, finna orsök og afleiðingu og þar er úrvinnslan byggð á tölulegum gögnum. Tilgangurinn með eigindlegum rannsóknum er að lýsa og skilja mannleg fyrirbæri, samskipti manna og reynslu. Þær fara fram í náttúrulegu umhverfi þar sem aðstæðum er ekki hagrætt eða stjórnað.

Eigindleg aðferðafræði byggir á upplifun einstaklinganna sem rætt er við hverju sinni og horfir til þess hvernig einstaklingarnir í hópnum upplifa það sem verið er að athuga (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Silverman (2010) bendir á mikilvægi þess að rannsakandi afmarki sig og finni út hvað er viðeigandi í rannsókninni og hvað ekki og hvaða fræðum hún er byggð á. Auðvelt er að fara um víðan völl en kúnstinn er að kunna að afmarka sig og halda sig innan rammans.

Markmiðið með rannsókn minni var að varpa ljósi á í hverju munurinn á ólíkum rekstrarformum leikskóla helst liggur, þ.e. á einkareknum leikskólum og leikskólum sem sveitarfélögin reka. Það gerði ég með því að taka viðtöl við skólastjóra í sex leikskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þrjá sem eru einkareknir og þrjá sem reknir eru af sveitarfélögum.

3.2. Hlutverk rannsakanda

Mikilvægt er að rannsakandi geri sér grein fyrir hlutverki sínu og oft er talað um hann sem aðtæki rannsóknarinnar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Rannsakandi þarf að vera hæfur í mannlegum samskiptum og nota virka hlustun. Virk hlustun er skilgreind sem færni til að skilja tilfinningar viðmælanda og það sem hann tjáir sig um. Rannsakandi þarf að sýna áhuga og

skilning á því sem viðmælandi fjallar um og á upplifun hans af efninu. Margir fræðimenn telja virka hlustun forsendu árangursríkra viðtala. Rannsakandi þarf að gera greinamun á því sem hann vill heyra og því sem viðmælandi raunverulega segir. Mikilvægt er að rannsakandi láti ekki eigin skoðanir og álit í ljós um efnið sem er til rannsókna. Hann þarf að gera sér grein fyrir að skoðanir hans og bakgrunnur getur haft áhrif, bæði á samskiptin við viðmælanda og efnið sem rannsakað er (Helga Jónsdóttir, 2003).

Ég hef unnið sem leikskólastjóri í almennum leikskóla í 11 ár. Áður vann ég í 13 ár bæði sem stjórnandi og ráðgjafi í málefnum fatlaðra. Ég þekki því muninn að vinna hjá ríki og sveitarfélagi. Núna vinn ég í sveitarfélagi þar sem hinn leikskólinn er einkarekinn. Það vakti forvitni mína og áhuga á að kynna mér efnið nánar. Ég gerði mér grein fyrir að ég hefði ákveðnar skoðanir og hugmyndir um efnið sem ég var að fjalla um og rannsaka. Ég hef í gegnum vinnu mína tengda þessu verkefni ákveðið að tileinka mér það með opnum huga, og líta á niðurstöðurnar sem lærdóm fyrir mig og aðra. Sigurlína Davíðsdóttir (2003) segir mikilvægt að rannsakandi hafi í huga og það gæti ógnað réttmæti rannsóknarinnar ef rannsakandi er of tengdur rannsóknarefninu sem hann rannsakar, og að trúverðugleiki eitt af því mikilvægasta sem þeir þurfa að hafa í huga við framkvæmd rannsóknarinnar.

3.3. Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókn minni voru sex leikskólastjórar. Þrír þeirra störfuðu á einkareknum leikskólum og þrír á leikskólum sem sveitarfélagið rekur alfarið. Þátttakendur í almennum leikskólunum voru valdir af hentugleika þar sem leitað var þátttöku einstaklinga í tveimur sveitarfélögum á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem höfðu reynslu af stjórnun almennra leikskóla. Viðmælendur í einkareknu leikskólunum voru valdir út frá markvissu úrtaki (e. purposeful sampling) með tilgang rannsóknarinnar í huga og til að fá fram sem mestar upplýsingar (Lichtman, 2013). Áður en ég byrjaði rannsóknina hringdi ég á nokkra einkarekna leikskóla til að finna stjórnendur sem höfðu einnig stjórnunarreynslu í almennum leikskólum og þekktu því muninn á ólíkum rekstrarformum og gætu því gefið góðar upplýsingar um efnið sem var til rannsókna. Viðtölin fóru fram á skrifstofum leikskólastjóranna í leikskólunum .

Leikskólarnir voru allir staðsettir á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Einkareknu leikskólarnir voru allir reknir hvorir af sínum rekstraraðilum. Við val á leikskólum var haft það viðmið að þeir væru allir á Stór-Reykjavíkursvæðinu

og væru þriggja til fimm deilda þannig að stjórnunarumfang væri sem líkast. Einn þeirra var stærri en það. Við val á viðmælendum leikskólastjóra var þess gætt að þeir höfðu allir eins til tveggja ára starfsreynslu eða meira í viðkomandi leikskóla. Þannig höfðu þeir skapað sér þekkingu og reynslu til að byggja svör sín á. Það tókst að uppfylla það viðmið í öllum leikskólunum nema í einum einkarekna leikskólanum sem var jafnframt stærstur. En þar hafði hann áður unnið hjá fyrirtækinu en í annarri stöðu og þekkti því vel til. Áður en ég tók viðtölin útskýrði ég fyrir viðmælendum mínum tilganginn með rannsókninni. Farið var með öll gögn sem trúnaðarmál og við skrifuðum undir upplýst samþykki. Þegar rannsókn minni lauk og búið var að vinna úr gögnum var þeim eytt. Sökum trúnaðar var öllum viðmælendum gefin gervinöfn.

Hér á eftir koma upplýsingar um viðmælendur mína á einkareknu leikskólunum:

- Viðmælanda minn á leikskóla A hef ég kosið að nefna Önnu. Hún hefur starfað í tólf ár sem stjórnandi við leikskólann.
- Viðmælanda minn á leikskóla B hef ég kosið að nefna Brynju. Hún hefur starfað í sjö ár sem stjórnandi við leikskólann.
- Viðmælanda minn á leikskóla C hef ég kosið að nefna Dagrúnu. Hún hefur starfað í átta mánuði sem stjórnandi við leikskólann. Hún hafði unnið áður hjá fyrirtækinu en í annarri stöðu og þekkti vel til.

Allir þessir viðmælendur mínir höfðu einnig reynslu af að vinna sem stjórnendur í almennum leikskólum sem sveitarfélögin reka. Leikskólarnir, sem viðmælendur mínir stjórnðu, voru með frá 70 til 136 börn og 19 til 36 starfsmenn.

Hér á eftir eru upplýsingar um viðmælendur mína á almennu leikskólunum:

- Viðmælanda minn á leikskóla D hef ég kosið að nefna Freyju. Hún hefur starfað í átján ár sem stjórnandi við leikskólann.
- Viðmælanda minn á leikskóla E hef ég kosið að nefna Guðrúnu. Hún hefur starfað í tíu ár sem stjórnandi við leikskólann.
- Viðmælanda minn á leikskóla F hef ég kosið að nefna Höllu. Hún hefur starfað í átta ár sem stjórnandi við leikskólann.

Leikskólarnir, sem viðmælendur mínir stjórnðu, voru með frá 68 til 104 börn og 21 til 27 starfsmenn. Stjórnendur í almennu leikskólunum höfðu ekki reynslu af störfum í einkareknum leikskólum.

3.4. Gagnaöflun og gagnagreining

Í þessari rannsókn var gagna aflað með viðtölum. Helga Jónsdóttir (2003) segir viðtöl fela í sér bein orðskipti rannsakanda og viðmælanda við öflun rannsóknargagna. Viðtölin eru félagsleg athöfn þar sem þau endurspeglar samskiptin á milli rannsakanda og viðmælanda, þ.e. flókið samspil hugsana, hegðunar, skynjunar og tilfinninga. Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð á vel við þegar rannsókuð eru viðhorf, væntingar, þekking og gildismat. Þau eru notuð ein og sér við gagnaöflun eða samhliða öðru, s.s. vettvangsathugun.

Viðtöl er best að taka í náttúrulegu umhverfi þess sem taka á viðtölin við. Viðtöl geta farið fram heima hjá viðkomandi eða á skrifstofu hans, í síma og jafnvel í gegnum tölvu (Lichtman, 2013). Í minni rannsókn fór ég á leikskólana, sem í hlut eiga, og tók viðtölin þar. Það skapar þeim sem taka þátt meiri öryggi og vellíðan. Ég tók viðtölin við leikskólastjórana á skrifstofum þeirra. Ég byrjaði á að taka viðtöl við stjórnendur í einkareknum leikskólum og vann úr þeim gögnum með því að skrá þau niður orð fyrir orð af upptökutækinu, síðan flokkaði ég innihaldið í þemu og helstu niðurstöður. Þannig fékk ég upplýsingar sem ég gat einnig byggt á í viðtölum við stjórnendur í almennu leikskólunum.

Ég notaði hálf-opin viðtöl (e. semi-structured interviews) og var með viðtalsramma (sjá viðauka 1) sem ég fylgdi í viðtölunum. Helga Jónsdóttir (2003) segir að rannsakandi eiga að leiða samtalið og þarf að leiða það inn á réttar brautir ef farið er út fyrir efnið. Áður er rannsóknin hófst tók ég æfingarviðtal við einn leikskólastjóra sem hafði unnið á bæði almennum og einkareknum leikskóla. Það gerði ég til að undirbúa mig sem best fyrir rannsóknina og til að prófa viðtalsrammann og spurningarnar og ef þörf var á að breyta eða bæta við.

Ég fékk leyfi til að skoða leikskólana og taka myndir til að hjálpa mér við gagnagreiningu og úrvinnslu. Með gagnagreiningu var markmið mitt að leita svara við rannsóknarspurningu minni. Öll viðtölin voru tekin upp á upptökutæki og síðan skrásett í tölvu orðrétt. Ég gætti hlutlægni og hafði að leiðarljósi Lichtmans (2013) sem segir að rannsakandi beri ábyrgð á því að túlka gögnin og gæta trúverðugleika. Þegar ég hafði skráð öll viðtölin greindi ég þau niður í flokka/þemu. Lichtman (2013) segir almenna nálgun notaða í eigindlegum rannsóknum við að greina gögn. Það felst í því að lesa oft yfir gögnin til að finna meginþemu eða flokka til að finna þannig út hver sé rauði þráðurinn í rannsóknarniðurstöðunum. Þessa aðferð tileinkaði ég mér í minni gagnagreiningu. Þegar gagnagreiningu var lokið fór ég aftur yfir gögnin og flokkana/þemun til að athuga hvort eitthvað hafi farið fram hjá mér eða mætti bæta við niðurstöðurnar.

3.5. Leyfi og siðferðileg atriði

Áður en ég ræddi við viðmælendur sótti ég um viðeigandi leyfi til sveitarfélaganna sem leikskólarnir voru í, og til yfirmanna þeirra leikskóla sem voru einkareknir. Einnig lagði ég fram skriflega beiðni til leikskólastjórnanna, um að taka þátt í rannsókninni. Rannsóknin var ekki tilkynnt til persónuverndar þar sem þess var ekki þörf samkvæmt reglum nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Í siðfræði rannsókna eru fjórar meginreglur sem hafðar voru að leiðarljósi í rannsókn minni. Reglurnar eru sjálfræðisreglan, velgjörðarreglan, skaðleysisreglan og réttlætisreglan. Reglurnar ganga út á að borin sé virðing fyrir manneskjunni og sjálfræði hennar. Þátttakendum er gerð grein fyrir því að þátttaka þeirra sé þeirra val og hægt sé að hætta við hvenær sem er í rannsókninni. Rannsóknin má ekki með neinum hætti valda skaða, gagn skal verða af henni og sannmælis og sanngirnis gætt við framkvæmd. Rannsakandi verður að gæta fyllsta trúnaðar við þátttakendur (Sigurður Kristinsson, 2003).

Við framkvæmd rannsóknarinnar var fyllsta trúnaðar gætt gagnvart öllum viðmælendum og farið eftir siðferðislegum grundvallarreglum varðandi trúnað, skráningar og meðferð persónulegra upplýsinga þegar fólk á í hlut. Þátttakendur voru upplýstir um tilganginn með rannsókn minni og viðtölunum og að niðurstöður yrðu ekki raktar til einstakra þátttakenda. Þeir skrifuðu undir upplýst samþykki um að vera þátttakendur í rannsókn minni af fúsum og frjálsum vilja. Ég bað um leyfi til að taka viðtölin upp og þeim var síðan eytt um leið og úrvinnslu lauk.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Tekin voru viðtöl við sex leikskólastjóra, þrjá stjórnendur sem starfa í einkareknum leikskólum og höfðu einnig reynslu af stjórnun í almennum leikskólum, og þrjá stjórnendur sem starfa í almennum leikskólum sem sveitarfélögin reka. Rannsóknarspurningin var: Í hverju liggur munurinn helst á almennum og einkareknum leikskólum hvað varðar rekstur, námskrá og samskipti við foreldra og starfsfólk að mati stjórnenda?

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim þemum, sem komu fram við greiningu viðtalanna, sem eru rekstur og fjármál, rekstrarform og svigrúm til athafna, aðkoma starfsmanna að gerð námskrár, rekstrarform og fagleg þróun, hlunnindi og frelsi til athafna, samskipti og samstarf, og loks tengsl við foreldra.

4.1. Rekstur og fjármál

Í þessum kafla er dregin upp mynd af því sem fram kom í viðtölunum um rekstur og fjármál í leikskólum af báðum skólagerðum. Við greiningu á gögnunum kom fram að fjárhagsleg aðkoma sveitarfélaga að rekstri bæði einkarekinna og almennra leikskóla hafði mikið að segja um rekstrargrundvöll þeirra. Þannig voru allir leikskólarnir með fjárhagsáætlun fyrir árið og höfðu gott bakland að leita til varðandi fjármálin. Almennu leikskólarnir voru með sína áætlun sundurliðaða með ákveðna upphæð á hvern rekstrarlykill/númer, þ.e. ákveðna upphæð fyrir s.s. hreinlætisvörur, námsgögn, matvörur o.s.frv. en einkareknu leikskólarnir voru með ákveðna fjárhæð á mánuði sem þeir gátu ráðstafað meira eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.

Í viðtölum við stjórnendur í einkareknu leikskólunum kom fram að þeir bera eins og stjórnendur almennu leikskólanna ábyrgð á fjármálum og rekstri leikskólanna. Anna leikskólastjóri, sem hefur starfað í einkarekstri í 12 ár, sagði að fyrstu sex árin hefðu verið mjög erfið og það hefði þurft mikla vinnu, aðhald og eftirlit með rekstrinum svo að hann gengi upp. Með aukinni aðkomu sveitarfélaga, þar sem þau m.a. greiða niður plássíð með hverju barni, hefur það bætt mikið rekstrarumhverfi einkareknu leikskólanna og um leið tryggt afkomu þeirra. Einnig kom fram að mörg sveitarfélög gera þjónustusamning um rekstur húsnæðis og viðhald á því og leigi út til einkaaðila. Anna sagði: „Núna er búið að reikna út hvað hvert pláss kostar og það er eðlilegast að sveitarfélagið borgi það sama með hverju plássi, sama hvar börnin eru. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur

gert viðmiðunartaxta. Sveitarfélögin borga hátt í það sama og fyrir sína eigin skóla.“ Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist fá minna en aðrir í sveitarfélaginu til reksturs. Hún sagði:

Ég fæ bara leikskólagjöldin til að reka leikskólann. Það er barátta að hanga á núllinu. Núna er ég með gamlan skóla, það er að segja aldur barnanna. Ég hef tekið inn eftir kennitölu en get það ekki næst. Ég þarf að taka inn yngri næst því það er borgað meira með þeim frá sveitarfélaginu en þeim eldri.

Í tveimur einkareknum leikskólunum af þremur, sem tóku þátt í rannsókninni, var húsnæðið í einkaeign en í þeim þriðja var gerður samningur við sveitarfélagið um rekstur húsnæðisins. Allir einkareknu leikskólarnir fengu ákveðna upphæð á mánuði greidda með hverju barni frá sveitarfélaginu. Hún fór eftir aldri barnanna í viðkomandi leikskóla.

Stjórnendur í almennu leikskólunum fengu tilbúna fjárhagsáætlun fyrir hvert ár með mörgum rekstrarlyklum/númerum fyrir hvern flokk, s.s. fyrir matarkostnaði, námsgögnum, launum o.s.frv. Þeir sögðust þurfa að hafa gott eftirlit með rekstrinum og höfðu allir gott bakland til að leita til um reksturinn. Freyja, stjórnandi í almenna leikskólanum, sagði mikinn tíma fara í fjármálin á kostnað þess að geta fylgt eftir faglegu starfi. Til að útskýra fjárhagsáætlunina sagði hún: „Miðað við þennan fjölda barna þá er áætlað svona mikið í hreinlætisvörur. Það er erfitt að halda þessu saman og það eru allir sammála um að það er mjög naumt skammtað.“ Guðrún, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði það hefði ekki verið mikið aðhald eða skerðing á rekstrarféi á milli ára. Hún sagði að margt í hennar skóla þyrfti endurnýjunar við en að það gangi hægt því margir leikskólar væru í sömu stöðu. Hún sagðist fá yfirlit yfir hvað allar stofnanir bæjarins fái til reksturs og þær geti því borið sig saman.

Halla, stjórnandi í almennum leikskóla, sagðist vera með sérstakan aðstoðarmann í 0,8% starfshlutfalli sem er viðskipta-fræðimenntaður og fylgist vel með öllu sem snýr að rekstri leikskólans. Hún sagðist finna mikinn mun að hafa þennan starfsmann þar sem hún gæti þá betur einbeitt sér að faglegu starfi skólans. Hún sagði að það væri einna helst matarkostnaður sem þyrfti að passa vel upp á. Hún sagði rekstrarumhverfið vera þungt í vinnslu og hún viti oft ekki fyrir en í lok árs hvernig staðan væri því væri mikið aðhald framan af ári til að fara ekki yfir kostnaðaráætlun á einstaka liðum. Stjórnendur í almennu leikskólunum þurftu allir að hafa gott eftirlit og eftirfylgni með fjármálum skólanna. Tveir þeirra töluðu um þann tíma sem færi í að fylgja rekstrarmálum eftir, en annar þeirra sagðist finna

mikinn mun eftir að hann réði sérstakan starfmann því nú væri svigrúm til að fylgja betur eftir faglegu starfi skólans.

Stjórnendur í einkareknu leikskólunum voru líka með fjárhagsáætlun fyrir hvert ár. Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist ekki vera með sérstakan lykil/rekstrarnúmer fyrir hvern málaflokk heldur sagðist hún fá ákveðna upphæð fyrir hvern mánuð. Hún sagði að reksturinn gengi illa: „Ég er með mikið af fagfólki og það telur. Launin eru að hækka en við þurfum að fá þann kostnað til baka. Það er barátta að hanga á núllinu.“ Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist fá ákveðið fjármagn á mánuði í rekstur. Ef það væri eitthvað sem vantaði þá væri það metið og borið undir fjármálastjóra. Hún sagðist að öðru leyti hafa mikið sjálfstæði varðandi reksturinn. Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist alltaf geta skoðað rekstrarárið og fylgist vel með. Hún sagði að í fyrstu hafi leikskólinn þurft að taka á sig launahækkanir starfsmanna en það væri að lagast núna með aukinni aðkomu sveitarfélaga. Hún sagði: „Ég kaupi aldrei neitt nema eiga fyrir því. Við skuldum engum neitt.“

Stjórnendur í einkareknu leikskólunum höfðu meira svigrúm til að ráðstafa fjármagninu sem þeir höfðu til umráða í hverjum mánuði, því fjármagnið var ekki bundið ákveðnum rekstrarlyklum, líkt og var hjá stjórnendum í almennu leikskólunum.

4.2. Rekstrarform og svigrúm til athafna

Hér verður sagt frá því sem fram kom í viðtölunum um rekstrarform ólíkra skólagerða og svigrúm til athafna. Niðurstöður leiddu í ljós að stjórnendum einkarekinna leikskóla fannst þeir hafa meira svigrúm og sjálfstæði til athafna en stjórnendum í almennu leikskólunum.

Stjórnendum í bæði einkareknu og almennu leikskólunum fannst rekstrarformið vera styrkleiki en með ólíkum hætti. Við greiningu á viðtölunum við stjórnendur í einkareknu leikskólunum komu fram styrkleikar sem fólust í því að hafa meira frelsi og sjálfstæði. Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði það kost að vera ekki rígbundin í kerfi. Hún sagði að umsýslan í almenna kerfinu væri orðin svo mikil. Hún sagðist finna mun á því að vera stjórnandi í einkareknum leikskóla, og geta ráðið sér meira sjálf, tekið ákvarðanir án þess að þurfa að bera þær undir aðra yfirmenn og/eða ráð og nefndir. Hún sagði: „Það er gott að geta verið sinn eigin herra og geta unnið vel með sínu fólki. Góður starfsmannahópur skiptir öllu máli.“ Brynju, stjórnanda í einkareknum leikskóla, fannst stuttar boðleiðir mikinn kost og sagði jafnframt: „Við erum eins og lítið þorp í borg. Það er ekki þetta bákn. Þú þekkir alla persónulega.“ Hún sagði að

einkareknir leikskólar gætu boðið upp á meiri sveigjanleika. Þannig eru starfsdagar hjá þeim hafðir eftir þörfum foreldra: „Við stillum okkur á tíma foreldra.“ Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, taldi sig líka geta mætt betur þörfum foreldra til dæmis með því að bjóða upp á foreldraviðtöl á laugardögum. Henni fannst hún hafa meira sjálfstæði sem stjórnandi í einkareknum leikskóla og fannst rekstrarformið miklu sveigjanlegra en það sem hún þekkti til í almennum leikskóla þar sem hún vann áður. Hún taldi að allt væri þyngra í almenna kerfinu þar sem m.a. þyrfti að bera margt undir ráð og nefndir:

Hér er allt svo ofboðslega einfalt og ég er miklu öruggari sem stjórnandi. Þú hefur fullan stuðning, gott bakland. Það er ekki alltaf já og amen. Í minni sveitarfélögum geta mál orðið mjög persónuleg og þá þurfa samskiptin að vera góð. Hér eru stjórnendafundir einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir fagleg mál og allt sem kemur upp. Þetta miðar vel að þörfum skólanna. Ég finn ekki fyrir þessari klemmu rekstur versus fagleg mál. Ég þarf ekki að vera að sannfæra ráð og nefndir um faglega sýn. Við erum númer eitt, tvö og þrjú með áherslu á faglega sýn [...] Hér fæ ég að njóta mín faglega meira. Það tala allir sama tungumálið. Þú ert ekki í togstreitu á milli kerfa.

Halla, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði styrkleika þess rekstrarforms felast í fjöldanum: „Það er styrkleiki að við erum allar undir einum hatti þó að hver stofnun og starfsstöð hafi sitt sjálfstæði [...] Það að vera saman og geta leitað hver til annarrar. Það er styrkur í fjöldanum upp á að fá einhverju framgengt [...] Maður er einhvern veginn meira inni í kerfinu.“ Guðrún, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði styrkleikann felast í því að vera treyst fyrir ákveðinni fjárhæð og að fara rétt með hana. Viðhorf Freyju, stjórnanda í almennum leikskóla gagnvart því að einkareka leikskóla var skýrt. Hún sagði um rekstrarformið:

Mér finnst að allir skólar eigi að vera reknir af sveitarfélaginu. Það eiga allir að hafa jafnan aðgang og það eiga allir að borga það sama fyrir þjónustuna. Það eiga bara að vera hverfaskólar eins og grunnskólarnir. Mér finnst það. Eins og til dæmis hér þá er það bara partur af uppeldinu að það fara allir í leikskólann og síðan í sinn hverfaskóla.

Í umræðum um veikleika ólíkra rekstrarforma kom það atriði fram hjá stjórnendum í almennu leikskólunum að hafa ekki meiri sveigjanleika og svigrúm til að gera hlutina öðruvísi. Guðrún, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði að það væri mikill kostur ef hún gæti eins og einkaskólarnir borgað sínu fólki hærra laun og fengið þá fleiri kennara til starfa hjá sér. Freyja, stjórnandi í almennum leikskóla, sagðist hafa minni peninga í rekstur og þar af leiðandi minna svigrúm:

Ég hef verið að missa fólk í einkarekstur. Það eru fjórir fyrrverandi starfsmenn hér sem hafa farið í einkaleikskóla þar sem hægt er að bjóða í starfsfólkið, svona vinnutíma, svona mikla yfirvinnu. Við getum ekki boðið í það, við höfum ekkert. Það er hrikalega vont að horfa á eftir góðu fólki.

Freyja sagðist þurfa að fara eftir kjarasamningum um laun og launakjör sinna starfsmanna, og hefði ekki svigrúm til að borga yfirvinnu. Hún sagði jafnframt að í einkareknum leikskólum væri yfirstjórnin minni en í almennum skólum: „Það fer náttúrulega alveg gífurlegur peningur í alla yfirstjórn hér.“ Hún sagði allt viðhald auðveldara þegar rekstrareiningin væri lítil. Hún hefði þurft að bíða lengi eftir að eitthvað væri gert í viðhaldi á húsnæði leikskólans. Margir aðrir leikskólastjórar í sveitarfélaginu væru í svipaðri stöðu og margir um fjármagnið. Freyja lýsti þessu umhverfi þegar hún ræddi um að auglýsa stöður sem losna:

Ég þarf samkvæmt lögum að auglýsa. [...] Það tekur tíma að ráða í stöður og á meðan missi ég hæft fólk. Einkaskólarnir geta bara hringt og sagt: Ég er með lausa stöðu og get boðið þér [...] Þeir vilja samt helst fá starfsmanninn í gær. [...] Þetta er sláandi af því að ég get ekki gert þetta. Ég þarf að auglýsa stöður af því að lögin segja það. Þannig að ef það er einkageirinn þá þarf ekki að fara eftir lögum eða það er hægt að fara í kringum þau.

Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði það veikleika að vera ekki inni í því sem væri að gerast í sveitarfélaginu og að einkareknu leikskólarnir vildu gleymast. Hún kvað neikvæða umræðu um einkareknu skólana hafa áhrif á hvernig henni gengi að fá til sín fagfólk. Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, hélt því fram að létta þyrfti undir með því fólki sem vildi fara í einkarekstur skóla: „Það brennur á að fleiri komist að við að stofna sína eigin skóla. Það er hægt út frá lögum og reglugerðum.“

Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist ekki sjá neina veikleika við einkarekna leikskóla.

Stjórnendur hafa ólíka sýn og reynslu eftir því hvort þeir starfa í einkareknum eða almennum leikskólum. Stjórnendur í einkareknu leikskólunum sögðust hafa meira frelsi og sjálfstæði til að taka ákvarðanir um ýmiss mál tengd starfsemi leikskólanna, meiri en þeir höfðu þegar þeir störfuðu í almennum leikskólum. Stjórnendur í almennu leikskólunum vildi geta haft meira sjálfstæði.

4.3. Námskrá og fagleg þróun

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því sem viðtölin við stjórnendur leiddu í ljós um það hvernig leikskólarnir af báðum skólagerðum unnu sína námskrá og stuðluðu að faglegri þróun strfsmanna sinni. Með faglegri þróun er átt við það hvernig staðið var að fræðslu til starfsmanna til að styrkja þá enn frekar í starfi í leikskólunum. Í ljós kom að aðkoma starfsmanna að námskrárvinnu var mismunandi eftir skólagerðum, hún var meiri í almennu leikskólunum. Varðandi faglega þróun leiddu niðurstöður í ljós að það var lítil munur á milli rekstrarforma um faglega þróun starfsmanna og margt áhugavert var í boði í báðum skólagerðunum.

Í öllum leikskólunum var verið að ljúka við eða var þegar lokið við námskrá leikskólans og voru mismunandi vinnuaðferðir notaðar við gerð hennar í báðum skólagerðum. Allir stjórnendur í almennu leikskólunum, sem þátt tóku í rannsókninni, sögðust hafa unnið sína námskrá með þátttöku alls starfsfólks. Í einum af þremur almennu leikskólunum var foreldrum boðin þátttaka en þáðu ekki. Taldi leikskólastjóri ástæðuna geta verið þá að foreldrar væru almennt mjög uppteknir og þreyttir eftir langan vinnudag. Í öðrum almennum leikskóla, sem tók þátt í rannsókninni, sagði leikskólastjóri frá því að hún hafi farið með allan starfsmannahópinn út fyrir bæinn í tvo daga þar sem unnið var að gerð námskrár fyrir leikskólann og gafst það vel. Halla, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði að hún og hennar starfsfólk hefðu unnið námskrána í góðu samstarfi við þrjá aðra leikskóla sem hún og starfsfólkið á samstarfi við og vinna allir eftir sömu stefnu.

Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði frá því að hún hefði nýtt svokallað þjóðfundarform við vinnu við gerð nýrrar námskrár með aðkomu starfsfólks og foreldra og það hafi gefist mjög vel. Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, var með fagstjóra sem sá um að gera námskrá fyrir leikskólann og var hún kynnt og borin undir starfsfólk á fundi. Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði starfsmennina þegar hafa unnið

námskrána og aðlagð hana stefnu skólans. Nokkrir starfsmannanna komu að þeirri vinnu og síðan var námskráin rædd og borin undir aðra starfsmenn á starfsmannafundi.

Tækifæri til faglegrar þróunar voru til staðar í öllum leikskólunum sem tóku þátt í rannsókninni og var útfærslan mismunandi eftir skólum. Allir leikskólarnir nýttu starfsdaga og starfsmannafundi til faglegrar þróunar og til að ræða það sem var efst á baugi hverju sinni. Fjöldi svokallaðra starfsdaga (en á slíkum dögum er leikskólinn lokaður og þá fer fram skipulags- og undirbúningsvinna) hjá einkareknu leikskólunum var svipaður og hjá almennu leikskólunum. Einkareknu leikskólarnir áttu kost á því að hafa fleiri starfsmannafundi og voru þeir haldnir eftir vinnu og/eða á laugardögum. Almennu leikskólarnir voru með sína starfsmannafundi á dagvinnutíma en einn þeirra átti kost á að halda þar að auki tvo starfsmannafundi sem borgaðir voru með yfirvinnukaupi.

Freyja og Halla, stjórnendur í almennum leikskóla, sögðu um fræðslu og faglega þróun að sveitarfélagið stæði vel að fræðslu til starfsfólks, starfsmenntunarsjóður starfsmanna hjá viðkomandi stéttarfélagi væri einnig nýttur og starfsfólk væri duglegt að sækja sér fræðslu. Halla nefndi einstaklega vel heppnaða fræðslu sem stjórnendur fengu síðastliðinn vetur og væri nú í vetur í boði fyrir millistjórnendur, þ.e. aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra. Guðrún, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði vel staðið að símenntun fyrir starfsfólk og það væru vönduð námskeið í boði endurgjaldslaut. Í einkareknu leikskólunum var einnig ýmiss fræðsla í boði fyrir stjórnendur, s.s. á starfsdögum, og sagði Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, að boðið væri upp á nám í svokallaðri leikskólalámbú fyrir ófagmenntað starfsfólk leikskólanna eftir vinnu virka daga og þeir sem ljúka því námi fá starfsheitið leikskólaliðar. Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði starfsfólk sitt duglegt við að sækja sér fræðslu og menntun. Í saman streng tók Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sem sagðist einnig vera með fagstjóra sem héldi utan um faglegt starf skólans og hefði það hlutverk að vera leiðbeinandi fyrir starfsfólkið við að starfa eftir stefnu skólans.

Þá voru áhugaverð verkefni í gangi í leikskólunum sem ýmist stjórnendur, sérkennslustjóri, verkefnastjóri eða fagstjóri héldu utan um. Halla, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði frá samstarfi sem hennar leikskóli væri í ásamt þremur öðrum leikskólum sem vinna eftir sömu stefnu. Hún sagði að þeir hefðu ráðið saman verkefnastjóra í 50% starf sem héldi utan um fagleg mál allra leikskólanna. Samstarf skólanna hefði gefist mjög vel og það skilaði sér vel til starfsmanna. Þeir sameinist um að kaupa

fræðslu og við það sparist peningur. Freyja, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði að hún og starfsmennirnir væru að vinna að læsisstefnu fyrir leikskólann sinn en sú vinna var líka í gangi í öðrum leikskólum í sveitarfélaginu. Einnig voru þær að stíga fyrstu skrefin í átt að grænum skóla.

Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði varðandi faglega þróun að hún ásamt kennurum sínum hefðu farið til útlanda til að kynna sér og fræðast um þá stefnu sem leikskólinn vinnur eftir. Ferðin hefði kostað mikið. Það sem vantaði upp á það sem kennararnir fengu úr sjóðum hjá sínu stéttarfélagi hefði leikskólinn borgað. Hún taldi kennara sína duglega að sækja námskeið. Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, kvað starfsfólkið vilja taka vel á móti nýliðum og þegar unnt væri færu nýliðarnir í sérstaka þjálfun hjá fagstjóra fyrstu tvo dagana. Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist nota sína sex starfsdaga til faglegrar þróunar og heldur þess á milli fundi eftir vinnu, eftir þörf hverju sinni. Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði að starfsfólkið ynni að þróunarverkefni um læsi eins og verið væri að vinna að í hinum leikskólum sveitarfélagsins. Sérkennslustjóri hélt utan það verkefni og var það mjög skýrt hvað vinna á með hvern aldurshóp. Hún var með starfsmann í 50% starfi sem hélt utan um faglega starfið með fræðslu, stuðningi og ráðgjöf til starfsmanna.

4.4. Hlunnindi og frelsi til athafna

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því sem viðtölin leiddu í ljós um hlunnindi til starfsmanna. Við greiningu á gögnunum kom fram að ýmiss hlunnindi voru í boði í báðum skólagerðum en einkareknu leikskólarnir höfðu meira svigrúm og frelsi til athafna fyrir sitt starfsfólk, s.s. að bjóða upp á styttri vinnutíma og halda sömu launum, vinna undirbúning heima og vinna skemur á vinnustaðnum sem því nemur og borga hærri laun.

Allir leikskólarnir, sem þátt tóku í rannsókninni, voru með ákveðinn kjarna af starfsfólki sem hafði verið lengi í starfi og sumir frá upphafi skólans. Hlutfall leikskólakennara í almennu leikskólunum var 30% og 27% í einkareknu leikskólunum. Halla, stjórnandi í almennum leikskóla, sagðist vera með fastan kjarna sem hefði starfað lengi og það sama sögðu þær Brynja og Guðrún, stjórnendur í almennum leikskólum. Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði að sig vantaði leikskólakennara til starfa. Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði góðan mórál í leikskólanum skipta máli til að halda í starfsfólk og starfsmennirnir vinna markvisst að því að halda honum góðum. Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði

mikinn stöðuleika á starfsfólki í sínum skóla. Hún sagði eftirfarandi í því sambandi:

Ég hef frelsi til að gera öðruvísi með starfsfólki.[...] Ég legg mikið upp úr góðum samskiptum og virðingu fyrir fólki.[...] Ég hef sagt upp fólki ef það er ekki að standa sig. Það þurfti smákjark til að gera það. Það eiga ekki allir heima í leikskólum. Maður verður að taka á hlutunum og hugsa fyrst um börnin og svo um starfsfólkið. Það þarf stundum að gera það sem er ekki skemmtilegast.

Einkareknu leikskólarnir höfðu meira svigrúm til að gera öðruvísi og bjóða upp á meiri hlunnindi fyrir sitt starfsfólk en almennu leikskólarnir. Freyja og Halla, stjórnendur í almennu leikskólunum, sögðu um hlunnindi til starfsmanna að þeir fái góðan afslátt af strætókorti, ókeypis sundkort og menningarkort sem gildir inn á öll söfn hjá sveitarfélaginu. Einnig gat starfsfólk sótt um heilsueflingarstyrk miðað við starfshlutfall. Freyja stjórnandi í almennum leikskóla sagðist mega, ef hún ætti smá afgang, nota hann t.d. til að niðurgreiða að hluta mat fyrir starfsfólk ef það t.d. færi saman út að borða. Guðrún, stjórnandi í almennum leikskóla, benti á að allir hennar starfsmenn fengju 2,5 klst. í yfirvinnu á mánuði. Einnig fengju allir íþróttastyrk frá sveitarfélaginu. Halla, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði að góður aðbúnaður fyrir starfsfólk skipti máli fyrir vellíðan þeirra. Halla sagði að húsnæði leikskólans hjá henni væri gott. Í honum væri góð hljóðvist, stórar deildir og nóg pláss fyrir alla og það væri mjög mikilvægt. Halla kvaðst sjálf ekki geta boðið upp á nein hlunnindi umfram það sem sveitarfélagið veitir. Hún sagði:

Ég er með góða starfsmenn sem hafa unnið í meira en tíu ár. Ég reyni að hafa það að leiðarljósi að starfsmenn sýni gagnkvæma virðingu. Ég reyni að hampa þeim á annan hátt, jafnvel bjóða þeim frí hluta dags en ég vil hafa stjórn á því og að það sé allt uppi á borðinu. Ég hef sjálf sterka réttlætiskennnd og vil að við séum team. [...] Mér finnst mannauðurinn skipta svo miklu máli í leikskólum. Það er búið að leggja mikið í mannauðinn, svita og tár og mikinn pening, og mér finnst það megi fara að horfa meira til þess [...] en til að halda mínu fólki þá spái ég oft í hvað ég geti gert. [...] Þetta er orðið svolítið svona eins og 2007 aftur og starfsfólk, sem er boðið með vinnustað makans til útlanda á

árshátíð fær frí til þess. [...] Vildi að ég gæti gert svoleiðis fyrir mitt fólk.

Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði um hlunnindi að öllum hennar starfsmönnum væri eftir þrjá mánuði í starfi raðað einum launaflokki hærra en samningar segja til um, sama í hvaða stéttarfélagi viðkomandi væri. Þeir sem voru lærðir leikskólakennarar, voru með sjö tíma viðveru og vinna undirbúninginn heima. Dagrúnu fannst mikill kostur að þurfa ekki að fella undirbúning inn í dagskrá hvers dags. Hún bauð upp á heilsuefingu fyrir starfsfólk sem fólst m.a. í niðurgreiðslu á líkamsrækt, boðið var upp á niðurgreitt nudd í matartíma starfsmanna einu sinni í viku, hollustufæði var í boði í kaffitíma starfsmanna, sem var 10 mínútum lengri en samningar segja til um.

Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði um hlunnindi til handa sínu starfsfólki að allir starfsmenn nema leikskóla-kennarar fengju tíu tíma í yfirvinnu á mánuði, leikskólakennarar fengu fimm tíma. Starfsfólkið fékk veglega jólagjöf, stórt páskaegg og peninga fyrir óvissuferð einu sinni á ári. Þá var öllu starfsfólki boðið annað hvert ár til útlanda og haldin vegleg árshátíð í leiðinni sem var allt í boði fyrirtækisins: „Þetta telur gífurlega og skiptir miklu máli. [...] Hér er hugsað vel um starfsfólkið.“ Hún sagðist hafa meira svigrúm varðandi starfsdaga og fundi, bara eftir þörf hverju sinni: „Hér hef ég meira frjálsræði sem stjórnandi, hef ekki þessar stjórn-sýslureglur. Vegna breytinga þá get ég sagt þér upp“ Þannig að ef viðkomandi er ekki að standa sig í starfi, þrátt fyrir leiðsögn og tiltal, þá þurfti hún ekki að fara gegnum sama ferli og í almennu skólunum með að áminna, heldur er hægt að segja viðkomandi upp vegna skipulagsbreytinga. Brynja sagði jafnframt:

Það er ofsalega gott að vinna hér og allir samstíga í svo miklu fagstarfi. Það er metnaður. Stefnan þarf að slá í takt við hjarta þitt, vera kærleiksrík. Það er virðingin sem skiptir svo miklu máli. [...] Við eigum að bera virðingu fyrir ólíkum stefnum í leikskóla.

Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist geta boðið sínu starfsfólki hærri laun og styttri vinnutíma. Hún sagðist hækka starfsfólk sitt í launum þegar hún sæi að það stæði sig vel í starfi: „Starfsfólk vinnur sjö og hálfan tíma á dag en fær borgað fyrir átta tíma. Ég er betur mönnum en gamla reglugerðin um leikskóla segir til um, en það var lagt upp með það í

upphafi og það skilar sér líka í gæðum í skólasterfinu að vera vel mönnuð fólki.“

Hlutfall fagfólks var svipað í öllum leikskólunum, óháð skólagerð. Hlunnindi til starfsmanna í almennu leikskólunum var mismunandi eftir sveitarfélögum. Það var í formi þess að fá frítt í sund, heilsuefingarstyrk, geta niðursgreidd o.s.frv. Í einum almennum leikskóla var borguð föst yfirvinna á mánuði. Í einkareknu leikskólunum var meira svigrúm til að gera vel við starfsfólkið, s.s. með því að borga fasta yfirvinnu á mánuði, borga hærra laun en samningar sögðu til um, styttri daglegur vinnutími en fá eigi að síður laun miðað við 100% starf.

4.5. Samskipti og samstarf

Hér verður sagt frá því sem fram kom við greiningu gagnanna um samskipti og samstarf stjórnenda. Í ljós kom að stjórnendur ólíkra skólagerða leita í sitt bakland með samskipti og samstarf. Lítil samskipti voru á milli stjórnendanna í almennu og einkareknu leikskólunum. Ástæðuna sögðu stjórnendur úr báðum skólagerðum m.a. vera þá að þeir ættu ekki mikið sameiginlegt. Því fannst þeim eðlilegra að leita í sitt bakland um ráðgjöf og stuðning, s.s. um rekstur og fagleg mál.

Leikskólastjórnarnir í almennu leikskólunum sögðu um umræðuna um samskipti og samstarf á milli stjórnenda að þeir hittu aðra leikskólastjóra í sveitarfélaginu einu sinni í mánuði á fundum þar sem fagleg og rekstrarleg mál væru rædd. Varðandi samskipti við einkareknu leikskólana í sveitarfélaginu sagði Freyja:

„Það eru ekki mikil samskipti við þá einkareknu því þeir hafa annað „batteri“ í kringum sig.[...] Starfsmenn þeirra þeir koma á fundi ef það eru sérstök mál á dagskrá. Þeim finnst þau ef til vill ekki vera partur af okkur.“

Guðrún, stjórnandi í almennum leikskóla, sagðist hitta alla leikskólastjóra í sveitarfélaginu einu sinni í mánuði og núna væru þeir leikskólastjórar sem væru í einkareknu leikskólunum, líka farnir að mæta á fundi með þeim eða sitja hluta af fundinum. Guðrún bætti við: „Það eina sem þeir eiga samt sameiginlegt með okkur eru biðlistarnir.“

Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði um samskipti og samstarf að hún hittu ekki aðra leikskólastjóra í sveitarfélaginu nema það væri eitthvað sérstakt málefni á dagskrá. Hún sagðist vera í góðu samstarfi við þjónustumiðstöð ef eitthvað væri að, t.d. ef barn þyrfti sérfræðiaðstoð. Hún

sagði að öll börn hjá henni fengju sömu þjónustu og í almennu leikskólunum. Leikskólinn hennar gerði allt það sama og aðrir almennir leikskólar gera, s.s. skila inn skýrslum og upplýsingum til sveitarfélagsins: „Við sleppum því aldrei að gera neitt þó leikskólinn sé í einkarekstri.“ Hún sagðist vera í Samtökum sjálfstæðra skóla og meðlimir samtakana hittist reglulega og væru með sameiginlega fræðslu fyrir sitt fólk. Brynja, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist einnig hitta félagsmenn í Samtökum sjálfstæðra skóla. Hún sagði að hún ætti meiri samleið með þeim hópi en hópi stjórnenda í almennum leikskólum. Anna stjórnandi í einkareknum leikskóla sagði þann hóp stjórnenda sem er í samtökum sjálfstæðra skóla eiga meiri samleið en stjórnendur í almennum og einkareknum leikskólum. Ástæðuna sagði hún m.a. vera að þar væri hópur stjórnenda sem væri í einkarekstri og gæti því rætt sameiginleg mál, skipst á skoðunum, og verið í forsvari fyrir einkarekna leik- og grunnskóla gagnvart sveitarfélögum.

Brynja stjórnandi í einkareknum leikskóla sagðist vera boðið að koma á fundi með öðrum almennum leikskólastjórum í sveitarfélaginu. Hún sagði mætinguna lélega hjá stjórnendum í einkageiranum, en sjálf reyni hún að mæta á þessa fundi þar sem henni finnst skipta máli að vera upplýst um það sem verið er að gera í sveitarfélaginu. Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist funda meira með sínu samstarfsfólki og yfirmönnum í einkarekstrinum, en ekki með öðrum leikskólastjórum í sveitarfélaginu. Henni fannst hún eiga meiri samleið með þeim hópi, en stjórnendum í almennu leikskólunum. Hún sagðist fá upplýsingar frá sveitarfélaginu og eiga við það gott samstarf.

Stjórnendur í einkareknum og almennum leikskólum eiga ekki mikil samskipti og samstarf sín á milli, þó hlutverk þeirra sem stjórnendur leikskólum séu í grunnin ekki ólík, þ.e. að halda utan um rekstrar- og faglegt starf, starfsmannahald, stjórnun og samskipti innan leikskólans, við foreldra, og aðrar stofnanir. Það sem aðskilur stjórnendur er rekstrarformið. Þeir upplifa sig ekki eiga margt sameiginlegt þar sem það er um margt ólíkt.

4.6. Tengsl við foreldra

Í þessum kafla verður greint frá því sem viðtölin leiddu í ljós um samvinnu og samskipti við foreldra. Í ljós kom að samvinna og samskipti við foreldra var mjög áþekkt í báðum skólagerðum. Allir leikskólarnir lögðu áherslu á góð samskipti og tengsl við foreldra og voru m.a. tölvupóstur og fésbókarsíður nýttar til þess, auk daglegra samskipta við foreldra. Í öllum leikskólunum, sem tóku þátt í rannsókninni, voru starfandi foreldrafélög og foreldraráð.

Samskipti við foreldra í öllum leikskólunum voru áþekkt, s.s. kynningarfundir fyrir foreldra á haustin, foreldraviðtöl einu sinni eða tvisvar á ári, foreldrakaffi, póstur sendur heim til foreldra, heimasíður leikskólanna nýttar undir almennar upplýsingar, fésbókarsíða og fræðslukvöld. Foreldrafélögin voru virk í samskiptum foreldra og barna þar sem ýmislegt var í boði, s.s. sveitarferð, sumarhátíð og piparkökumálun. Anna, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagðist eiga gott samstarf við foreldra og að þeir væru virkir í leikskólastarfinu. Hún sagði frá því að foreldrafélagið og leikskólinn hefðu sameinast um fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra um slysavarnir. Dagrún, stjórnandi í einkareknum leikskóla, sagði frá því að starfsmenn væru með foreldraviðtöl á haustin heima hjá leikskólabarninu og að það hefði gefist mjög vel. Hún sagði ólík svæði kalla á mismunandi þjónustu og að skólinn endurspeglaði það samfélag sem hann væri í. Þannig þyrfti stundum að bregðast öðruvísi við og það hafi starfsmenn gert til að mæta foreldrum. Það hefði gefist vel.

Freyja, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði starfsmenn leikskólans leggja áherslu á að vera í góðum samskiptum við foreldra og nú væru skólarnir líka farnir að nota tölvusamskipti í auknum mæli með góðum árangri. Guðrún, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði að eftir að leikskólinn tók í notkun fésbókarsíðu væru foreldrar betur upplýstir og fylgdust meira með henni en heimasíðu leikskólans. Halla, stjórnandi í almennum leikskóla, sagði að hennar leikskóli væri með fésbókarsíðu og þar væru settar inn auglýsingar og almennar upplýsingar um starfið. Halla taldi að foreldrar hefðu mikið vald á kostnað þeirrar faglegu sýnar sem leikskólarnir hafa:

Við erum skóli og við erum þjónustustofnun. Foreldrar líta meira á okkur sem þjónustustofnun og hafa mikið vald sem við eigum að beygja okkur undir. Þar liggur vandinn. Við viljum vera í góðum samskiptum við foreldra. [...] Við getum einhvern veginn ekki stigið í báðar fætur. Við erum menntastofnun en erum samt ekki menntastofnun og þetta eru „konfliktar“ sem mjög erfitt er að fást við. Sem leikskólastjóri þá má segja að ég sé með tvær skólanámskrár, eina námslega séð og svo önnur sem er þessi þjónustustofnun. Þú ert að borga og ég á rétt á þessu og hinu. Ég þarf að passa upp á að þetta sé í lagi og að hitt sé í lagi. Ef ég væri grunnskólastjóri þá væri þetta skýrara. Þú ert ekki að borga neitt þar. Ef það væri einhver starfsgrein, sem mætti líkja við Superman, þá væru það leikskólakennarar.

Þú átt að vera allt í öllu, vera tilbúin að beygja þig og sveigja fyrir foreldra og fyrir samfélagið.

Í fimm leikskólum af sex, sem þátt tóku í rannsókninni, borguðu foreldrar sömu leikskólagjöld og voru í sveitarfélaginu. Í einum leikskóla borguðu foreldrar hærri leikskólagjöld. Í þeim eina sem jafnframt er einkarekinn, borga foreldrar um kr. 5.000 hærri gjöld en almennt er í sveitarfélaginu. Anna, stjórnandi í þessum einkarekna leikskóla, sagði foreldra ekki hafi sett sig upp á móti því að borga meira enda væri hún með betri mönnun en aðrir leikskólar almennt og það felist líka ákveðin gæði í því. Hún sagði biðlista vera eftir pláss og að leikskólinn auglýsi sig sjálfur, orðsporið komi frá foreldrum. Í almennu leikskólunum var líkt og í hinum tveimur einkareknu leikskólunum biðlisti eftir leikskólaplássi. Orðspor leikskólanna var almennt gott í samfélaginu að mati stjórnenda í báðum skólagerðum. Þeir sögðu foreldra oftast velja leikskóla næst heimilinu, eða vinnu annars hvors foreldris. Einnig velja sumir foreldrar skóla eftir stefnunni sem unnið er eftir.

Allir leikskólarnir í rannsókninni lögðu upp með góð samskipti og samstarf við foreldra. Í þeim öllum voru starfandi foreldrafélög og foreldraráð.

4.7. Niðurlag

Greining viðtalanna við skólastjóra almennu og einkareknu leikskólanna leiddi í ljós að allir leikskólarnir fengu fjármagn frá sveitarfélaginu til reksturs sem tryggði fjárhagslega afkomu þeirra. Þeir voru allir með fjárhagsáætlun fyrir árið. Í almennu leikskólunum var fjárhagsáætlunin sundurgreind niður á bókhaldslykla eftir útgjaldaliðum. Í einkareknu leikskólunum var ákveðin upphæð á mánuði veitt til skólanna til reksturs og höfðu skólarnir frjálrsræði um það hvernig þeim fjármunum var ráðstafað.

Leikskólastjórum í einkareknu leikskólunum fannst þeir hafa meira svigrúm og sjálfstæði til athafna, meira en þeir höfðu sem stjórnendur í almennu leikskólunum. Þá kom fram að stjórnendur í almennu leikskólunum vildu hafa meira frelsi, sjálfstæði, og svigrúm til athafna einsog stjórnendur í einkareknu leikskólunum.

Allir leikskólarnir höfðu lokið við eða við það að ljúka við gerð skólanámskrár á grundvelli nýrrar Aðalnámskrár leikskóla frá 2011. Aðkoma starfsmanna var mismikil að þeirri vinnu, þó meiri í almennu leikskólunum.

Niðurstöður leiddu í ljós að rekstrarformið virðist hafa lítil áhrif á faglega þróun. Ýmis áhugaverð verkefni voru í gangi í leikskólum af báðum skólagerðum. Vel var staðið að fræðslu fyrir starfsfólk í báðum

skólagerðum, fjöldi starfsdaga var svipaður en þó var meira svigrúm vegna aukins tíma á fundi sem borgað var fyrir í yfirvinnu hjá einkareknu leikskólunum.

Allir leikskólarnir voru með ákveðinn kjarna af starfsfólki sem hafði starfað lengi við skólann og sumir frá upphafi. Hlutfall leikskólakennara í almennu leikskólunum var 30% og 27% í einkareknu leikskólunum. Ýmiss hlunnindi voru í boði í báðum skólagerðum en einkareknu leikskólarnir höfðu meira svigrúm og frelsi til sveigjanleika gagnvart starfsfólki, s.s. með því að bjóða upp á sömu laun en minna vinnuframlag, vinna undirbúning heima og vinna skemur á vinnustaðnum sem því nemur, borga hærra laun.

Samskipti og samstarf á milli einkareknu og almennu leikskólanna voru ekki mikil. Báðar skólagerðir hafa sitt bakland að leita til varðandi ráðgjöf og stuðning.

Niðurstöður leiddu í ljós að samskipti og samvinna við foreldra virtust mjög áþekk í báðum skólagerðum. Allir leikskólar í báðum skólagerðum voru með foreldrafélag og foreldraráð. Lögð var áhersla á góð samskipti við foreldra, haldnir voru kynningarfundir um starfsemi skólanna, tölvupóstur var sendur til foreldra og upplýsingar og myndir settar á fésbókarsíðu og heimasíður.

5. Umræður

Hér verður fjallað um helstu niðurstöður og þær settar í fræðilegt samhengi. Niðurstöðurnar verða ræddar í ljósi rannsóknarspurningarinnar; í hverju liggur munurinn helst á almennum og einkareknum leikskólum hvað varðar rekstur, námskrá og samskipti við starfsfólk og foreldra að mati stjórnenda?

Umræðukaflanum er skipt upp í undirkaflana rekstur og fjármál, rekstrarform og svigrúm til athafna, aðkoma starfsmanna að gerð námskrár, rekstrarform og fagleg þróun, hlunnindi og frelsi til athafna, samskipti og samstarf, og tengsl við foreldra.

5.1. Rekstur og fjármál

Margrét Pála Ólafsdóttir stofnandi Hjallastefnunnar, sem rekur fjölda einkarekinna skóla, sagði í blaðaviðtali að skólinn væri á ábyrgð samfélagsins og að hún vilji sjá að kennarar, sem væru með frábærar hugmyndir, geti stofnað og rekið skóla og að þeir fengju til þess sama fjármagn og þeir hefðu ella fengið annars staðar (Kolbrún Berþórsdóttir, 2014). Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það fjármagn, sem sveitarfélögin lögðu til reksturs leikskólanna, hvort sem um var að ræða almenna eða einkarekna leikskóla, hafði mikla þýðingu fyrir rekstrargrundvöll þeirra. Þá kom fram að aukin aðkoma sveitarfélaga að einkareknum leikskólum bætti rekstrarumhverfi þeirra. Hún var í formi þess að borga ákveðna upphæð á mánuði með hverju barni samkvæmt viðmiðunartaxta sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett. Viðmælendur í einkareknu leikskólunum sögðu að með aukinni aðkomu sveitarfélaga hefði rekstrarumhverfi þeirra batnað.

Allir leikskólarnir, sem tóku þátt í þessari rannsókn, voru með fjárhagsáætlun og báru ábyrgð á rekstri skólanna. Fjórum stjórnendum í báðum skólagerðum fannst það fjármagn, sem var til ráðstöfunar, viðunandi, tveimur stjórnendum, hvorum í sinni skólagerðinni, fannst erfitt að láta reksturinn ganga upp. Það voru einna helst stærri og kostnaðarsamar framkvæmdir sem tók tíma að fá framgengt í báðum skólagerðum. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru því ekki í samræmi við hina viðamiklu rannsókn sem Gulbrandsen og Eliassen (2013) gerðu um gæði leikskólastarfs í Noregi en þar kom m.a. fram að leikskólastjórar í einkareknu leikskólunum voru oftast sammála því en stjórnendur í almennum

leikskólunum að rekstraráætlun fyrir leikskólann væri fullnægjandi. Stjórnendur í báðum skólagerðum í þessari rannsóknbáru báru ábyrgð á rekstri leikskólanna og höfðu fjárhagsáætlun sem þeir fylgdu. Sveitarfélögin sáu alfarið um rekstur almennu leikskólanna og styrktu rekstur einkareknu leikskólanna með ákveðinni fjárupphæð á mánuði.

5.2. Rekstrarform og svigrúm til athafna

Lög um leikskóla (2008) veittu sveitarfélögum aukið frelsi til reksturs leikskóla. Þannig hafa bæjarfélög víða um land samið við aðra um rekstur leikskóla eða gert þjónustusamning við einkaaðila um faglega og rekstrarlega ábyrgð en sveitarfélagið á húsnæðið og sér um viðhald þess og útileiksvæði. Lög um leikskóla frá 2008 hafa því gert fleirum fært að reka leikskóla og sýna tölur það glöggt en samkvæmt upplýsingum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (2011) hefur börnum í einkareknum leikskólum fjölgað um 300 frá 2008 til 2010. Af þeim þremur einkareknu leikskólum, sem tóku þátt í rannsókninni, voru tveir þar sem húsnæði var í einkaeigu og í þeim þriðja var þjónustusamningur við sveitarfélagið. Ef sú leið er farin að gera þjónustusamning við sveitarfélagið um faglega og rekstrarlega ábyrgð en að húsnæðið sé áfram í eigu sveitarfélagsins, léttir það undir með að fleiri geti hafið einkarekstur á leikskóla. Því má segja að menntunaráherslur hverju sinni mótist af þeirri stjórn sem er við völd, straumum og stefnum í samfélaginu, sem síðan hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru um menntamál, t.d. einkarekstur skóla.

Sahlberg (2004) bendir á áhrif hnattvæðingar á skólastarf og hvernig þau birtast síðan í stefnu sem ríki og sveitarfélög setja sér. Hann segir að þegar unnið er að umbótum og breytingum í menntakerfinu sé það gert út frá valdeflingu, einkavæðingu og hvernig auka megi skilvirkni skóla. Hann bendir jafnframt á að þrátt fyrir aukið sjálfstæði skóla hafi ekki dregið úr ábyrgð sveitarfélaga eða ríkis. Hér á landi koma sveitarfélögin bæði að rekstri einkarekinna og almennra leikskóla, eins og niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós. Sveitarfélögin hafa samkvæmt lögum um leikskóla (2008) áfram eftirlit með starfsemi leikskólanna þrátt fyrir að þeir séu einkareknir enda gilda sömu lög og reglur um þá og aðra skóla. Einum viðmælanda í einkareknum leikskóla fannst vera meira eftirlit með þeim en almennu leikskólunum og sagði að þeir skiluðu samt sömu skýrslum og upplýsingum til sveitarfélagsins og almennu skólarnir.

Einkarekstur birtist í mörgum myndum og úrfærslum, allt eftir því hvernig skilgreiningin er hverju sinni. Börkur Hansen (2002) skilgreinir hugtakið einkaskóli (e. private school) sem skóla í einkaeign og rekinn sem

slíkur. Hann er kostaður með skólagjöldum og styrkjum. Einnig eru til einkareknir skólar, samningsskólar (e. charter schools), sem eru að hluta til eða öllu leyti fjármagnaðir af ríki eða sveitarfélagi en hafa meira sjálfstæði um það hvernig þeir verja fjármagninu sem þeir hafa til ráðstöfunar (Lubienski, 2009). Einn einkarekinn leikskóli í rannsókninni innheimti hærri leikskólagjöld og var ástæðan sú að sögn viðmælanda að leikskólinn væri betur mannaður af starfsfólki en almennt gerist og í því felist ákveðin gæði sem foreldrar borga fyrir.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að stjórnendum í einkareknu leikskólunum fannst þeir hafa meira frelsi, sjálfstæði og svigrúm til athafna, t.d. með því að bjóða upp á minni vinnu fyrir sömu laun, annast undirbúningsvinnu heima, borga hærri laun, taka sjálfir ákvarðanir um ýmis mál og þurfa ekki að bera þær undir aðra. Þeim fannst það kostur að vera ekki rígbundnir í kerfi stjórnsýslunnar. Stjórnendur í almennu leikskólunum kölluðu eftir meira svigrúmi og frelsi til athafna líkt og stjórnendur í einkareknu leikskólunum höfðu. Stjórnendurnir sögðu jafnframt að það tæki oft tíma að fá málum framgengt, og margt sem þyrfti að fara fyrir ráð og nefndir. Einn viðmælandi í almennum leikskóla hafði þurft að horfa á eftir fjórum mjög hæfum leikskólakennurum til starfa í einkareknum leikskólum, þar sem þeir gátu boðið betri laun og ýmis hlunnindi.

Stjórnendur í almennu leikskólunum voru bundnir þeim reglum, sem gilda í stjórnsýslunni og í sveitarfélögum viðkomandi leikskóla, og því sem kjarasamningar kveða á um varðandi laun. Með því að borga hærri laun gæti skapast hætta á samkeppni um kennara líkt og Sahlberg (2014) bendir á. Hættan geti falist í því að kennarar safnast frekar fyrir í einum skóla en öðrum. Því má segja að rekstrarformið sem slíkt, þ.e. einkarekstur leikskóla, gefi stjórnendum þeirra meira frelsi og svigrúm til athafna. Í þessari rannsókn fólst svigrúmið í einkareknu leikskólunum meðal annars í því að borga hærri laun og bjóða hlunnindi umfram það sem stjórnendur í almennum leikskólunum gátu gert. Þrátt fyrir það að einkareknu leikskólarnir höfðu meira svigrúm um launagreiðslur og hlunnindi, var hlutfall fagfólks svipað í báðum skólagerðum.

Stjórnendur í einkareknu leikskólunum höfðu allir reynslu sem stjórnendur í báðum rekstrarformum. Þeim fannst mikill tími hafa farið í rekstartengd málefni þegar þeir voru stjórnendur í almenna leikskólanum. Stjórnendum í almennu leikskólunum fannst einnig að oft færi mikill tími fara í rekstur á kostnað faglegs starfs.

5.3. Námskrá og fagleg þróun

Allir leikskólarnir af báðum skólagerðunum voru að ljúka við gerð námskrár á grundvelli Aðalnámskrár leikskóla frá 2011. Niðurstöður leiddu í ljós að aðkoma starfsmanna og foreldra var mismikil, þó meiri í almennu leikskólunum. Pasi Sahlberg (2013) segir finnska kennara líta á sig sem uppeldisfræðilega leiðtoga. Þeir komi allir að gerð skólanámskrár og setji sér markmið með kennslu sinni. Kristín Dýrfjörð (2014,b) minnir á mikilvægi þess að kennarar skoði starf sitt á gagnrýninn hátt og í kennarahópnum sé lifandi umræða um hugmyndafræði skólastarfsins. Stjórnendur í báðum skólagerðum í rannsókn þessari nýttu skipulagsdaga og fundi til að ræða skólastarfið, til að fá fræðslu og fjalla um það sem var efst á baugi hverju sinni.

Lubienski (2009) bendir á að í rannsóknum Hassels (1999) og Price (1998) um úttekt á námskrá skóla, kom fram að í 40% af þeim 261 skólum, sem tóku þátt, voru skólanámskrárnar svipaðar í einkareknum og almennu skólunum að innihaldi; í öllum tilvikum var lögð áhersla á grunnþætti náms. Það er í samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar, þar sem viðmælendur í báðum skólagerðum sögðust byggja sínar námskrár á grundvelli Aðalnámskrár leikskóla, þótt áherslur og nálganir væru mismunandi eftir starfi og stefnum skólanna. Þátttaka starfsmanna í gerð námskrár var mismikil á milli skólagerða og mismunandi vinnuaðferðir viðhafðar en byggðu þó allar á grunnþáttum aðalnámskrár.

Ravitch (2013) bendir á að með einkarekstri sé gefið í skyn að kennsla í almennum skólum sé ekki eins góð og í einkaskólum. Með því að bjóða upp á val um ólíka skóla sé verið að markaðsetja skólann, að hann sé tilboð sem foreldrar velji fyrir börn sín á einstaklingsgrunni og horft er fram hjá þeim samfélagslegu áhrifum sem það hefur.

Lubienski (2009) segir að einkareknir skólar séu í betri aðstöðu til að innleiða nýjungar, þar sem þeir eru ekki bundnir sama regluverkinu og opinberir skólar þótt sveitarfélögin hafi áfram eftirlit með starfsemi þeirra. Niðurstaðan í þessari rannsókn leiddi í ljós að tækifæri til faglegrar þróunar voru í öllum leikskólunum í báðum skólagerðum og voru skipulagsdagar og starfmannafundir nýttir til þess. Boðið var upp á ýmis áhugaverð námskeið og farið í námsferðir. Einkareknu leikskólanir höfðu meira svigrúm til að halda fleiri fundi en almennu leikskólarnir eftir vinnu sem þeir gátu nýtt til faglegrar þróunar.

Pasi Sahlberg (2013) segir meðal annars um ástæður þess að tekist hafi vel í skólamálu í Finnlandi að finnskir kennarar séu duglegir að sækja endurmenntunarnámskeið til að styrkja sig í starfi og þeir njóti virðingar

fyrir störf sín. Hann segir skólastjórnendur líta á sig sem kennslufræðilega leiðtoga sem vinna í nánú samstarfi við kennara að markmiðum skólans.

Lubienski (2009) segir frá umfangsmikilli rannsókn sem Stout og Garn (1999) gerðu á 75 einkareknum skólum í Arizona. Í henni kom fram að einkareknir skólar sérhæfðu sig ekki í einhverjum nýjungum umfram almenna skóla eða í nýjungum varðandi námsefnisgerð. Það er í samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar sem leiddi í ljós að allir leikskólarnir unnu að ólíkum og áhugaverðum verkefnum, hver á sinni hátt. Til dæmis voru leikskólaraf báðum skólagerðum þátttakendur í verkefni um læsi og umhverfismennt sem voru í gangi í þremur sveitarfélögum.

5.4. Hlunnindi og frelsi til athafna

Í rannsókninni kom í ljós að allir leikskólastjórnendur í skólum af báðum skólagerðum voru með traustan og góðan starfsmannahóp og ákveðinn kjarna sem hafði unnið lengi. Hlutfall leikskólakennara var hæst um 47% á einum einkareknum leikskóla en á öðrum einkareknum leikskóla var hlutfallið lægst um 13%. Í almennu leikskólunum var hlutfall leikskólakennara jafnara eða um 30% í öllum skólunum. Starfsdagar voru svipaðir að fjölda en meiri möguleiki var á að halda fundi eftir vinnu eftir þörf hverju sinni, borgaða með yfirvinnu, á einkareknu leikskólunum.

Niðurstöður leiddu í ljós að stjórnendur í einkareknu leikskólunum höfðu meira svigrúm og frelsi til athafna og gátu boðið sínu starfsfólki betri laun og meiri hlunnindi umfram það sem þekktist í almennum leikskólum. Sem dæmi um hlunnindi í einkareknu leikskólunum nefndu stjórnendur þeirra ferðir til útlanda ásamt árshátíð annað hvert ár, 10 tíma í yfirvinnu á mánuði, minna vinnuframlag en samt borguð full laun, taka undirbúning heima, niðurgreitt nudd og heilsueflingarstyrk. Hlunnindi í almennum leikskólunum voru í formi sundkorta, menningarkorta og afsláttar í strætó. Einn almennur leikskóli borgaði sínu starfsfólki 2,5 klst í yfirvinnu á mánuði. Því má ætla að stjórnendur í einkareknu leikskólunum hafi meira frelsi og sjálfstæði til ákvarðana til að ráðstafa því fjármagni sem þeir hafa til umráða en stjórnendur í almennum leikskólunum.

Kolbeinn Stefánsson (2010) segir nýfrjálshyggjuna leggja mikla áherslu á að markaðsvæða sem flesta þætti mannlífsins, s.s. ýmsa opinbera þjónustu, rekstur stoðkerfa eins og uppeldi og menntun barna. Með því að færa þætti frá hinu opinbera, nærsamfélaginu eða fjölskyldunni yfir á einkareksturinn sé hægt að gefa hlutum verðgildi sem einkaaðilar hagnast síðan á. Hvort það á við um einkarekstur leikskóla var ekki rannsóknarefnið hér. En

vissulega veitir einkareksturinn frelsi til fjölbreyttari athafna, aðallega varðandi þætti sem snúa að starfsfólki.

Í rannsókninni kom í ljós að það var einn leikskólastjóri í almenna leikskólanum sem hafði misst starfsmenn til einkarekinna leikskóla en hinir enga, sem er áhugavert í ljósi betri hlunninda til starfsmanna í einkareknu leikskólunum. Því má draga þá ályktun að aðrir þættir en laun og hlunnindi hafi líka mikilvægt gildi. Þar má sem dæmi nefna stefnuna sem unnið er eftir, starfsánægju, aðbúnað á vinnustað eins og hljóðvist og gott rými fyrir alla.

5.5. Samskipti og samstarf

Ravitch (2013) bendir á að með einkarekstri verði skólinn ekki með sama hætti partur af því samfélagi sem hann er í þar sem lögmálin eru önnur. Þannig ná hann ekki að samsama sig og bindast þeim böndum og tryggð sem oft skapist á milli skóla í sama sveitarfélagi eða hverfi. Rannsókn mín leiddi í ljós að stjórnendur í einkareknu leikskólunum leituðu í sitt formlega bakland eftir ráðgjöf og stuðningi og til annarra leikskólastjórnenda í einkarekstri. Þeir áttu meiri samleið með Samtökum sjálfstæðra skóla en leikskólastjórnendum í sveitarfélögunum. Leikskólastjórnarnir í almennu leikskólunum fengu ráðgjöf og stuðning frá sínu sveitarfélagi og í gegnum samvinnu og samstarf við aðra leikskólastjórnendur í sveitarfélaginu. Leikskólastjórunum í einkareknu leikskólunum fannst þeir eiga meiri samleið með öðrum stjórnendum í einkarekstri en mættu þó sumir á fundi með leikskólastjórum í sveitarfélaginu eftir því hvert umfjöllunarefnið var hverju sinni.

5.6. Tengsl við foreldra

Niðurstöður þessarar rannsóknar leiddu í ljós að í öllum leikskólunum var foreldraráð starfandi eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla (2008). Einnig voru foreldrafélög í öllum leikskólunum sem sáu um ýmsar uppákomur, s.s. sveitarferð og sumarhátíð. Samskipti við foreldra voru mjög áþekkt í öllum leikskólum í báðum skólagerðum. Auk daglegra samskipta þá fóru þau fram í gegnum tölvupóst, fésbókarsíðu, með kynningarfundum á haustin og með foreldraviðtölum. Stjórnendur í leikskólum af báðum skólagerðum sögðu samskipti við foreldra í auknum mæli vera í gegnum tölvupóst og fésbókarsíðu þar sem starfsmenn leikskólanna ná frekar til foreldra í gegnum þá miðla en heimasíður leikskólanna.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið samkvæmt lögum um leikskóla (2008) og skal annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna.

Niðurstöðurnar sýna að einkareknu leikskólarnir gátu frekar mætt þörfum foreldra með því að hafa starfsmannafundi eftir vinnu og suma skipulagsdaga og foreldraviðtöl á laugardegi. Þannig þurftu foreldrar sjaldnar að taka sér frí frá vinnu og leikskólinn gat betur komið til móts við foreldra með færri lokunardögum.

Rannsóknin leiddi í ljós að foreldrar borguðu allir sömu leikskólagjöld og tíðkuðust í sveitarfélaginu nema í einum einkareknum leikskóla en þar borguðu foreldrar 5.000 krónum hærra gjald. Ástæðan var meðal annars sú að hann var betur mannaður af starfsfólki en hinir leikskólarnir og í því felast ákveðin gæði. Kristín Dýrfjörð (2014,b) segir að markaðsvæðing skólanna feli í sér að í stað þess að horfa til almennrar velferðar allra, sé ýtt undir einstaklingshyggju og að hver og einn beri ábyrgð á eigin velferð. Því er réttur foreldra, sem hafa efni á því að kaupa betri framtíð fyrir börn sín, talinn sjálfsgæður.

5.7. Niðurlag

Meginiðurstöður rannsóknarinnar sýndu að aðkoma sveitarfélaga að rekstri almennara og einkarekinna leikskóla hafði mikil áhrif á rekstrargrundvöll þeirra. Stjórnendur í einkareknum leikskólum höfðu meira frelsi, svigrúm og sjálfstæði til athafna sem fólst m.a. í því að geta boðið upp á sömu laun en minna vinnuframlag, veitt starfsmönnum meiri hlunnindi, leyft að undirbúningur sé unninn heima, greitt hærra laun en samningar sögðu til um og tekið ákvarðanir um ýmis mál án þess að þurfa að bera það undir ráð og nefndir.

Stjórnendur í einkareknu leikskólunum fannst frelsi felast í að vera ekki rígbundnir í kerfi stjórnsýslunnar. Stjórnendur í almennu leikskólunum kölluðu eftir meira frelsi og svigrúmi til athafna og ákvarðana. Stjórnendur í einkareknu leikskólunum fannst þeir betur geta einbeitt sér að faglegu starfi í stað málefna tengdum rekstri. Stjórnendum í almennu leikskólunum fannst of mikill tími fara í rekstrarleg mál á kostnað faglegs starfs.

Tækifæri til faglegrar þróunar var til staðar í báðum skólagerðum, en stjórnendur í einkareknu leikskólunum höfðu meira svigrúm til að halda fleiri fundi eftir vinnu eða á laugardögum. Stjórnendur í leikskólum af báðum skólagerðum leituðu til síns baklands varðandi ráðgjöf og stuðning. Samskipti við foreldra voru mjög áþekk í báðum skólagerðum.

6. Lokaorð

Markmiðið með rannsókn minni var að leita svara við því í hverju munurinn liggja helst á almennum og einkareknum leikskólum hvað varðar rekstur, námskrá og samskipti við foreldra og starfsfólk að mati stjórnenda?

Ég þekkti lítið til einkarekinna leikskóla áður en ég byrjaði á rannsókn minni um þetta efni. Ég taldi því áhugavert að vita meira um þetta rekstrarform og að hvaða leyti það væri ólíkt almennum leikskólum. Umræða um einkarekstur í þjóðfélaginu hefur verið nokkur síðastliðinn vetur en þó aðallega beinst að heilbrigðiskerfinu. Fjölgun einkarekinna leikskóla hér á landi er umhugsunarverð og hefur átt sér stað án þess að mikil umræða hafi átt sér stað um það í þjóðfélaginu. Hefði umræðan verið meiri ef sama þróun hefði átt sér stað varðandi grunnskólann? Skiptar skoðanir eru á einkarekstri og hvort rétt sé að einkavæða menntastofnanir. Til hvers og hver væri ávinningurinn?

Í ljós kom að fjármagn til reksturs leikskóla kemur að mestu leyti frá sveitarfélögunum, hvort sem um er að ræða almennings- eða einkarekna leikskóla. Munurinn felst í því hvernig stjórnendur ólíkra skólagerða hafa mismunandi tækifæri til að fara með það fjármagn sem er til ráðstöfunar. Stjórnendur í einkareknu leikskólunum hafa meira svigrúm, sjálfstæði og frelsi til athafna og eru ekki eins bundnir í kerfi stjórnsýslunnar líkt og þeir þekktu af reynslu sinni sem stjórnendur í almennu leikskólunum. Stjórnendur í almennu leikskólunum finnst þeir bundnir þeim reglum, sem ríkja í stjórnsýslunni, og vilja hafa meira frelsi til ákvarðana. Áhugavert væri að skoða hvort sveitarfélögin væru tilbúin að endurskoða hlutverk stjórnenda í almennum leikskólum og veita þeim meira sjálfstæði og frelsi til athafna, þó innan reglna og ramma stjórnsýslunnar. Þannig gætu almennir stjórnendur leikskóla haft sína fjárhagsáætlun eins og nú er en hefðu meira frelsi til að ákveða hvernig fjármagninu er varið í stað þess að vera bundnir ákveðnum lykllum og upphæðum fyrir hvern málaflokk.

Einnig er áhugavert að velta fyrir sér, á grundvelli fjölgunar á einkareknum leikskólum í kjölfar laga um leikskóla frá 2008, hvort tækifæri sé til breytinga í leikskólamálamum þar sem erfiðara er um vik í stjórnsýsluumhverfi sveitarfélaganna. Væri það ekki til framþróunar að almennir leikskólar fengju meira frelsi til athafna varðandi ýmis mál þótt þeir væru áfram undir stjórn sveitarfélaga? Þarf einkarekstur til?

Stjórnendur í einkareknu leikskólunum gátu boðið starfsfólki sínu upp á mun meiri hlunnindi en stjórnendur almennu skólanna, s.s. varðandi laun og vinnufyrirkomulag, sem getur leitt af sér samkeppni um kennara. Þó hafði bara einn stjórnandi í rannsókn minni lent í því að missa frá sér kennara í einkarekinn leikskóla. Því má áætla að þótt vissulega skipti laun og hlunnindi máli hafi aðrir þættir einnig mikilvægt gildi, s.s. starfsumhverfið og stefna skólans.

Í rannsókninni kom fram að ekki var mikið um samskipti á milli skóla af ólíkum skólagerðum. Allir stjórnendur höfðu gott bakland að leita til í sínum röðum. Hjá einum stjórnanda í almenna leikskólanum kom fram varðandi samskipti milli skóla af mismunandi skólagerðum að þeir ættu ekkert sameiginlegt nema biðlistann. Það er umhugsunarvert því óháð skólagerð þá skal samkvæmt lögum um leikskóla (2008) leikskólinn annast uppeldi, ummönnun og menntun barna að ósk foreldra. Það sem sameinar ólíkar skólagerðir er því umönnun og menntun barna. Þess vegna er mikilvægt að allir þeir sem vinna í skólum af mismunandi skólagerðum geti miðlað af þekkingu sinni og reynslu og þannig saman skapað tækifæri til framþróunar í leikskólamálum.

Samvinna og samskipti við foreldra var áþekk í öllum leikskólunum. Í þeim öllum var unnið fjölbreytt og áhugavert starf með ólíkum áherslum. Þannig virðist rekstrarformið sem slíkt ekki hafa mikil áhrif á það fjölbreytta starf sem unnið er í leikskólum af báðum skólagerðum á stór Reykjavíkursvæðinu.

Heimildaskrá

- Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir. (2010). *Spor í sögu stéttar*. Félag leikskólakennara 60 ára. Reykjavík. Skrudda.
- Arreman, I. E., Holm, A. S., Lundahl, og Lundstöm, U. (2013). Educational marketization the Swedish way. *Education Inquiry*, 4(3), 497-517. Sótt af <http://umu.diva-portal.org/smash/get/diva2:650857/FULLTEXT01.pdf>
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). „Að tryggja framboð og fjölbreytileika“: Nýfrjálshygga í nýlegum stefnuskjölum um námsgagnagerð. *Uppeldi og menntun*, 22(2), 55-76.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2015). „Meiri árangur, valfrelsi og ráðdeild?“. Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð. (2014). Stærsta efnahagsmálið: Sóknarfæri í menntun. *Uppeldi og menntun*, 24(1), 89-95.
- Bryndís Gunnarsdóttir. (2014). From play to school: Are core values of ECEC in Iceland being undermined by ‚schoolification‘? *International Journal of Early Years Education*, 22(3), 242-250. Sótt af <http://dx.doi.org/10.1080/09669760.2014.960319>
- Börkur Hansen. (2002). Stuðlar einkarekstur almenningskóla að betra skólastarfi? *Uppeldi og menntun*, 11, 247-261.
- Eliassen, E. og Gulbrandsen, L. (2013). *Kvalitet i barnehager. Rapport fra en undersøkelse av strukturell kvalitet høsten 2012*. (Rapport 1, 2013)., NOVA – Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring. Sótt af http://www.nova.no/asset/6157/1/6157_1.pdf
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (1986). Skólar samkvæmt vali. Í Guðmundur Heiðar Frímansson og Þorvarður Elíasson (ritstjórar), *Ríkisskólar eða einkaskólar* (bls. 9-27). Reykjavík. Stofnun Jóns Þorlákssonar.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2010). *Skýrsla nr.C10:07: Opinber framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla og leikskóla*. Sótt af http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/2010/C10_07.pdf
- Hagstofa Íslands. (2011). *Leikskólar, fjöldi barna og barngildi eftir rekstraraðilum 1998-2010*. Sótt af <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/leikskolar>
- Heilsustefnan.(e.d.). Heilsuleikskólar. Sótt af <http://heilsustefnan.is/heilsuleikskolar/skolar-ehf/>

- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kolbeinn Stefánsson. (2010). Sjálfgengissamfélagið: Leitir að hinu algilda lögmáli. Í Kolbeinn Stefánsson (ritstjóri.), *Eilífðarvélín. Uppgjör við nýfrjálshyggjuna* (bls. 9-52). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kolbrún Berþórsdóttir. (2014,14 september). Skólakerfið er á niðurleið. *Morgunblaðið*. (bls. 14-15).
- Kristín Dýrfjörð. (2011). Áhrif nýfrjálshyggju á íslenskt leikskólastarf. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 47-68. Sótt af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/30/pdf>
- Kristín Dýrfjörð. (2014,a). Hin hljóða markaðsvæðing: skólakerfi á krossgötum. (Erindi um markaðsvæðingu skólakerfisins flutt á ráðstefnu VG um sveitarstjórnarmál, Reykjavík.) Sótt af <http://www.laupur.is/wpcontent/uploads/2014/04/marka%C3%B0sv%C3%A6%C3%B0ing-menntakerfisins-hin-hlj%C3%B3%C3%B0a-bylting-KD.pdf>
- Kristín Dýrfjörð. (2014,b). Leikur eða agi-verk eða frelsi-deild eða bekkur. *Laupur síða um leikskóla*. Sótt af <http://www.laupur.is/leikur-eda-agi-verkefni-eda-frelsi-deild-eda-bekkur/>
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative Research in Education. A User's Guide* (3. útgáfa). Los Angeles: Sage.
- Loftur Guttormsson. (2008). Niðurlag. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Síðara bindi. Skóli fyrir alla 1946-2007* (bls.314-323). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lubienski, C. (2009). *Do Quasi-markets Foster Innovation in Education? A comparative perspective*. (OECD Education Working Papers no. 25). Sótt af <http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oecd/education/do-quasi-markets-foster-innovation-in-education/221583463325#page1>
- Lög um leikskóla nr. 78/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Marling, C. D. og Baker, D. (2012). The Effects of Market-based School on Students with Disabilities.32(2),1-16. Sótt af <http://dsq-sds.org/article/view/3187/3072>
- Menntamálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Sótt af

- Menntamálaráðuneytið. (2014). Hvitbók um umbætur í menntun. Sótt af [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbætur i menntun.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)
- Menntamálaráðuneytið. (2011) *Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólustarfs í leikskólum skólaárin 2008-2009, 2009-2010 og 2010-2011*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/Skyrsla-um-framkvaemd-skolastarfs-i-grunnskolum.pdf>
- Ministeriet for børn, ligestilling, integration og sosiale forhold. (2014). *Tal og statistik om dagtilbud*. Sótt af <http://sm.dk/arbejdsomrader/dagtilbud/Tal%20og%20statistik>
- Nyberg, C. (2014). *Jobbhalsobarometern Skola – De anställdas syn pa jobbet inom utbildningssektorn*. Friskolans riksförbund. Sótt af http://www.friskola.se/MediaBinaryLoader.axd?MediaArchive_FileID=d9c070ba-8802-49e1-b6ac-9e8d6555b15e&FileName=JobbhalsobarometernSkola_20140908.pdf
- Moss, P. (2007). Bringing politics into nursesey. Early childhood education as democratic practice. *European Early Childhood Education Reserch Journal*, 15(1), 5-20.
- Ólafur Páll Jónsson (2009). *Lýðræði, réttlæti og menntun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Páll Skúlason. (2008). Menning og markaðshyggja. *Skírnir*, 182(1), 5-40.
- Ravitch, D. (2013). *Reign of Error: The Hoax of the Privatization Movement and the Danger to America's Public Schools*. New York: Knorf.
- Sahlberg, P. (2004). Teaching and Globalization. Sótt af http://www.fm.upr.si/zalozba/ISSN/1581-6311/2_065-083.pdf
- Sahlberg, P. (2010). Rethinking accountability in a knowledge society. *Journal of Educational Change* 11(1), 45-61. Sótt af http://download.springer.com/static/pdf/646/art%253A10.1007%252Fs10833-008-9098-2.pdf?auth66=1416858964_e7ea1c81e8c99f460c6863a550c470a7&ext=.pdf
- Sahlberg, P. (2013). Teachers as leaders in Finland. *Educational leadership*, 71(2), 36-40. Sótt af <http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=4257f052-14b3-407e-8678-982d779308db%40sessionmgr111&vid=1&hid=123>

- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2010). *Niðurstöður könnunar á framkvæmd samreksturs skóla*. Sótt af <http://www.samband.is/media/utgefid-efni-og-eydublod/Konnun-a-samrekstri-skola-2010.pdf>.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðferði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls.161-180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silverman, D. (2010). *Doing Qualitative Research: A Practical Handbook* (3. Útgáfa). London: Sage.
- Skolverket.(2014). *Private aktörer inom förskola och skola. En nationell kartläggning av enskilda huvudman och agere*. Sótt af <http://www.skolverket.se/statistik-och-utvardering/utvarderingar/fristaende-skolor-och-skolmarknad/privata-aktorer-inom-forskola-och-skola-1.168561>
- Utdanningsdirektoratet. (2014). Barnehagespegelen. *Tal og analyse av barnehagar i Norge*. Sótt af <http://www.udir.no/PageFiles/89171/Barnehagespegelen2014.pdf?epslanguage=no>
- Viðskiptaráð Íslands. (2014). *Stærsta efnahagsmálið: Sóknarfæri í menntun* (8-53). Sótt af <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/staersta-efnahagsmalid/>

Viðauki 1

Viðtalsrammi, spurningar til viðmælanda

Kanna bakgrunn leikskólans, þ.e. stærð, aldur, ef einkarekinn þá hversu lengi, aldur barna og fjöldi, fjöldi leikskólakennara, fjöldi með aðra háskólamenntun, fjöldi ófaglærðra, stefna sem unnið er eftir. Menntun og bakgrunnur viðmælanda og starfsaldur við leikskólann.

Hvernig kom það til að þú fórst að vinna við þennan leikskóla?. Vilt þú lýsa starfsferli þínum í stuttu máli.

Rekstur:	Til dýpkunar:
1. Hvernig fer vinna við rekstraráætlun (fjárhagsáætlun) fyrir leikskólann fram?	➤ Hvernig kemur þú að þeirri vinnu?
2. Hvernig er rekstrarumhverfið í leikskólunum?	➤ Hefur það breyst á milli ára?
3. Helstu styrkleikar einkarekinna leikskóla umfram almennra leikskóla að þínu mati? (Spyrja um styrkleika í almennu viðtali v. leiksk.stjóra í almennum leikskólum).	
4. Helstu veikleikar einkarekinna leikskóla umfram almennra leikskóla að þínu mati? (Spyrja um styrkleika í viðtali v. leikskólastj. í almennum leiksk).	

Námskrá og fleira:

1. Nú hafa flestir leikskólar á Íslandi verið að vinna að nýrri skólanámskrá út frá nýrri Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Hvernig er staðið að þeirri vinnu í þínum leikskóla?
2. Hvernig myndir þú lýsa þeim sveigjanleika og tækifærum sem þú hefur til framþróunar í starfi við þennan skóla?
3. Hvernig er faglegu starfi fylgt eftir í skólanum ?

Til dýpkunar:

- Koma allir starfsmenn að þeirri vinnu?
- Kemur þú að þeirri vinnu og þá hvernig?

<p style="text-align: center;">Starfsfólk:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hvernig gengur að fá gott og vel menntað starfsfólk til starfa? 2. Fær starfsfólk einhver hlunnindi umfram það sem kemur fram í kjarasamningi? 3. Ef svo er finnst þér það skipta máli varðandi stöðugleika og ánægju í starfsmannahópum? 4. Hversu marga starfs- og skipulagsdaga hefur þú fyrir þinn skóla á ári? 5. Hvernig er fræðslu- og endurmenntun háttað? 6. Hvernig myndir þú lýsa aðbúnaði starfsfólks í leikskólanum? 	<p style="text-align: center;">Til dýpkunar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ➤ Ef svo er - af hverju heldur þú að það sé? ➤ Ef svo er - hvernig hlunnindi? ➤ Hefur þeim fækkað eða fjölgað á milli ára? Eru það jafnmargir og eru hjá sveitarfélaginu sem skólinn er í?
---	--

Foreldrar:

1. Hvernig er samstarfi við foreldra háttað?
2. Eru leikskólagjöld þau sömu/svipuð og í sveitarfélaginu?
3. Hvernig er aðkoma foreldra að starfi leikskólans?
4. Hvernig er aðsókn í leikskólann?

5. Annað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Til dýpkunar:

- Er það svipað og þú þekkir í almenna leikskólanum?
- Er biðlisti eftir plássi?

- Hvernig er leikskólaplássum úthlutað?

Viðauki 2

xxxxx 3. mars 2015.

Efni: Óska eftir leyfi til að afla gagna vegna rannsóknar í leikskóla/leikskólum sveitarfélagsins

Ég heiti Helga Björk Jóhannsdóttir og er um þessar mundir að vinna að eiginlegri rannsókn á ólíkum rekstrarformum leikskóla – hvort þau hafi í för með sér tækifæri til þróunar og framfara? á ólíkum rekstrarformum leikskóla – tækifæri til þróunar og framfara? Ég mun reyna að varpa ljósi á í hverju munurinn liggur helst á ólíkum rekstrarformum að mati skólustjóra, þ.e. rekstrarlega, námskrárlega og gagnvart starfsfólki og foreldrum?

Rannsóknin er unnin sem meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands með áherslu á stjórnun menntastofnana.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða síðan skoðaðar í ljósi skrifa fræðimanna um efnið og annarra rannsókna sem gerðar hafa verið.

Ég mun gæta fyllsta trúnaðar hvað varðar gögn og meðferð þeirra. Nafnleyndar verður gætt þar sem leikskólunum og viðmælendum verða gefin gervinöfn. Ef ég verð einhvers áskynja sem ekki á erindi í rannsóknargögn vettvangi mun ég gæta fyllsta trúnaðar.

Ég óska því hér með um leyfi til að afla rannsóknargagna í leikskólum í sveitarfélaginu með því að taka viðtöl við leikskólustjóra í einum til tveimur leikskólum sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Jóhannsdóttir

Viðauki 3

xxxxx 3. mars 2015.

Bréf til leikskólastjóra

Ég heiti Helga Björk Jóhannsdóttir og er um þessar mundir að vinna að eigindlegri rannsókn á ólíkum rekstrarformum leikskóla – hvort hin mismunandi form eru tækifæri til þróunar og framfara? Ég mun reyna að varpa ljósi á í hverju munurinn liggur helst á ólíkum rekstrarformum að mati skólastjóra, þ.e. rekstrarlega, námskrárlega og gagnvart starfsfólki og foreldrum?.

Rannsóknin er unnin sem meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands með áherslu á stjórnun menntastofnana. Leiðbeinandi minn er Börkur Hansen prófessor. Niðurstöður rannsóknarinnar verða síðan skoðaðar í ljósi skrifa fræðimanna um efnið og annarra rannsókna sem gerðar hafa verið.

Ég mun afla gagna með því að fá samþykki þitt og fleiri leikskólastjóra fyrir viðtali við mig. Ég mun hljóðrita viðtölin, skrá þau og afrita á tölvutækt form. Að lokum mun ég greina gögnin. Ég mun gæta hlutleysis. Markmiðið með greiningu gagnanna er að komast að fræðilegri niðurstöðu og leita svara við rannsóknarspurningu minni. Þá mun ég nota heimildir og sambærilegar rannsóknir um efnið sem ég byggi niðurstöður mínar á. Einnig óska ég eftir því að fá að skoða leikskólann og taka myndir til að hjálpa mér við gagnagreiningu og úrvinnslu.

Ég mun hringja og kynna mig og fylgja því svo eftir með þessu bréfi ef leikskólinn samþykkir að taka þátt.

Ég mun gæta fyllsta trúnaðar.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Jóhannsdóttir

Viðauki 4

Efni: Upplýst samþykki

Ég heiti Helga Björk Jóhannsdóttir og er um þessar mundir að vinna að eigindlegri rannsókn á ólíkum rekstrarformum leikskóla – hvort þau hafa í för með sér tækifæri til þróunar og framfara? Ég mun reyna að varpa ljósi á í hverju munurinn liggur helst á ólíkum rekstrarformum að mati skólustjóra, þ.e. rekstrarlega, námskrárlega og gagnvart starfsfólki og foreldrum? Rannsóknin er unnin sem meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands með áherslu á stjórnun menntastofnana.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða síðan skoðaðar í ljósi skrifa fræðimanna um efnið og annarra rannsókna sem gerðar hafa verið.

Eigindlegri rannsóknaraðferð verður beitt þar sem nýtt verða opin viðtöl og viðtalsrammi til gagnaöflunar. Við rannsóknina verða siðferðislegar kröfur uppfylltar og gætt hagsmuna þeirra sem að henni koma. Heitið verður fullum trúnaði og geta þátttakendur hætt við á hvaða stigi rannsóknarinnar sem er.

Helga Björk Jóhannsdóttir

Ég undirrituð/aður samþykki hér með að vera þátttakandi í rannsókn þessari af fúsum og fjrálsum vilja.

Nafn/dagsetning.

